

Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins

Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti



Bragi Guðmundsson
Trausti Þorsteinsson

Gát sf
2017

Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins
Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og
menningarmálaráðuneyti

© Gát sf. Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2017.
Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins. Úttekt.
Unnin að ósk Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.
Mynd á forsíðu: Trausti Þorsteinsson
ISBN 978-9979-0-2177-3

Heildarniðurstöður

- Að formi til er Tækniskólanum skipt upp í níu faggreinaskóla sem síðan deilast niður í mismargar námsleiðir hver. Faggreinaskólarnir lúta allir forsjá skólastjóra.
- Fagleg forysta um skipulag og þróun náms og kennslu hvílir aðallega á herðum skólameistara, aðstoðarskólameistara og skólastjóra undirskóla, einkum þeim síðasttöldu.
- Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri með því að leysa raunhæf og skapandi verkefni í hverri grein, samþættingu námsgreina, þverfaglegt samstarf og að sköpun og frumkvæði einkenni nám og kennslu.
- Ársskýrslur skólans koma út reglubundið. Þær eru skýrar og skipulegar og veita drjúgar upplýsingar um skólastarfið. Skýrslunum er fylgt úr hlaði með ávarpi stjórnarformanns.
- Tækniskólinn er með ISO vottun. Mikil áhersla er á reglubundið eftirlit með rekstri, stjórnun og ferlum sem tengjast námi en þættir er lúta að líðan, aðbúnaði og starfsánægju nemenda sem almennra starfsmanna eru bundnir við kennslumat, námsmat og starfsmannasamtöl.
- Gæðakerfi TS speglar ekki alla þætti skólastarfsins. Í gæðaráði sitja ekki fulltrúar allra hagsmunaðila innan stofnunar, beinar upplýsingar um líðan og starfsánægju nemenda og starfsmanna eru ekki aðgengilegar og námsráðgjafar skila ekki ársskýrslum um starf sitt.
- Námsleiðir eru vel skilgreindar á heimasíðu skólans og þar er greinargott yfirlit um skipan þeirra innan einstakra undirskóla.
- Kennarar með kennsluréttindi annast kennslu í miklum meirihluta áfanga. Verst gengur að fá menntaða kennara til starfa í ýmsum verkgreinum.
- Kennsluhættir og kennsluform eru með ýmsu móti innan TS og skólayfirvöld hafa lagt sitt af mörkum til þess að hvetja til umræðu og þróunar þeirra, bæði með utanaðkomandi fyrirlesurum og með því að fá kennara til þess að deila reynslu sinni með samkennurum.
- Tækniskólinn hefur fellt niður skil kennslu- og próftíma og miðar að öðru jöfnu við að frammistaða nemenda sé metin með nokkrum símatþáttum sem dreifast yfir hverja önn.
- Allmikill samhljómur er um það að of mikill tími fari innan hvers skóla að ræða þætti sem lúta að stjórnun og skipulagi og að of lítil umræða eigi sér stað um kennsluna sjálfa.
- Tækniskólinn hefur ýmis sérkenni, s.s. mikla aldursdreifingu nemenda, fjölþætt námsframboð og marga undirskóla, mikinn kynjahalla, drjúgan fjölda nemenda af erlendum uppruna og loks má telja dreifskipan í nokkrar byggingar á aðskildum svæðum.
- Mikil ánægja er meðal nemenda og starfsmanna með ráðningu hjúkrunarfræðings að skólanum sem á að leggja sérstaka áherslu á andlega líðan nemenda og stuðning við þá með það að markmiði að draga úr brotthvarfi.
- Nemendafélag er í hverjum fagskóla en heildarsamtökum nemenda, Nemendasambandi Tækniskólans, er ætlað að sjá um viðburði fyrir alla nemendur. Nemendatengill í fullu starfi annast dagleg samskipti við nemendafélög skólanna og er tengiliður nemenda við yfirstjórn og stjórnendur foreldrafélagsins hvað varðar félagslíf nemenda.
- Starfsemi foreldraráðs er lítil og frekar ómarkviss.
- Skólinn hefur sérstaka alþjóðastefnu og hlaut árið 2017 gæðaviðurkenningu fyrir framúrskarandi Evrópuverkefni 2015–2017 á 30 ára afmælishátíð Erasmus+.
- Umgengni er að jafnaði góð um húsnæði skólans og úrgangur er flokkaður.
- Tækniskólinn hefur ekki gert tilraun til þess að mæla framlegð sína, þ.e. hversu vel nemendum miðar í gegnum námið, hver meðalnámstími þeirra er og hversu margir ljúka á skilgreindum tíma.

Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður	3
Inngangur	6
Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins	9
Viðmið og vísbendingar	20
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag	20
1.1. Um stefnu og áætlanir	20
1.2. Um stjórnendur	20
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur	21
1.4. Um innra mat	21
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð	22
2.1. Um nám og kennslu	22
2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur	22
2.3. Um námsmat	23
2.4. Um kennara	23
2.5. Um námsgögn	24
Þáttur 3: Samskipti og líðan	25
3.1. Um skólabrag	25
3.2. Um samskipti í skólastofunni	25
3.3. Um félagslíf nemenda	26
3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn	26
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf	26
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður	28
Þáttur 5: Lykilárangur	29
5.1. Um námsárangur	29
5.2. Um árangur í grunnþáttum	29
5.3. Um langtímaárangur	30
Viðauki	31
Umsögn ytri matsaðila um stjórnun og skipulag (styrkleikar/tækifæri til umbóta)	31
Umsögn ytri matsaðila um kennslu og námsframboð (styrkleikar/tækifæri til umbóta)	36
Umsögn ytri matsaðila um samskipti og líðan (styrkleikar/tækifæri til umbóta)	39
Umsögn ytri matsaðila um skólahúsnæði og aðbúnað (styrkleikar/tækifæri til umbóta)	42
Umsögn ytri matsaðila um lykilárangur (styrkleikar/tækifæri til umbóta)	43
Viðauki: Heimildir og tilvísanir	45

Myndir

Mynd 1. Þróun í innritun nýnema haustin 2013–2017.....	9
Mynd 2. Fjöldi nemenda í dagskóla vor og haust 2013–2017.	10
Mynd 3. Hlutfall karla og kvenna af heildarfjölda nemenda 2012–2016	10
Mynd 4. Skipurit Tækniskólans.	33

Töflur

Tafla 1. Aldursdreifing nemenda haust 2016 og vor 2017.....	11
Tafla 2. Uppruni nemenda Tækniskólans.	11
Tafla 3. Aðsókn að sjö skólum Tækniskólans eftir kynjum 2012–2016.....	12
Tafla 4. Námsbrautir sjö skóla Tækniskólans.	12
Tafla 5. Fjarvistir nemenda haust 2016 og vor 2017 (sem hlutfall af heildartímafjölda).	13
Tafla 6. Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2012–2016.	13
Tafla 7. Brautskráningar af námsbrautum Tækniskólans vor 2013 til vors 2017.....	13
Tafla 8. Fjöldi nemenda í dreifnámi vor og haust 2012–2016 eftir skólum.....	15
Tafla 9. Brotthvarf eininga úr dreifnámi 2012–2016.	15
Tafla 10. Starfsheiti, stöðugildi og fjöldi starfsmanna eftir kynjum að hausti 2017.....	15
Tafla 11. Menntun kennara.	16
Tafla 12. Mælipunktur fyrir markmið í viðauka skólasamnings.....	17
Tafla 13. Staða aðgerða í kjölfar ytra mats 2012.	18

Inngangur

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður úttektar á starfsemi Tækniskólans, skóla atvinnulífsins (TS). Hún skiptist í tvo hluta. Annars vegar eru helstu tölulegar upplýsingar um skólann og hins vegar niðurstöður úttektaraðila um fimm tilgreinda matsþætti samkvæmt viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytri úttektir á framhaldsskólum. Við matið er litið til laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, *Aðalnámskrár framhaldsskóla*, 2004 og 2011, og reglugerða eftir því sem við á.

Menntamálastofnun fól Gát sf. að annast úttektina skv. samningi dags. 25. ágúst 2017. Sérfræðingar sem að úttektinni komu og skýrsluskrifum voru Bragi Guðmundsson, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, og Trausti Þorsteinsson, dósent við sama svið og skóla.

Í samningi Menntamálastofnunar og Gátar sf. er úttekt á starfsemi Tækniskólans sögð felast í „sjálfstæðu mati á þáttum sem teknir eru út, gerð tillagna um úrbætur og skýrslu um verkefnið.“ Að auki er tilgreint að markmiðið sé að meta starfsemi skólans „með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemina.“ Þá segir að verktaka beri að meta helstu styrkleika og veikleika í starfsemi skólans og gera „tillögur um hvaðeina sem hann telur að gæti horft til bóta“ í starfseminni. Í úttektarleiðbeiningum eru nánari fyriræli og þar kemur fram að horfa beri sérstaklega til eftirfarandi þátta: Stjórnun og skipulag, kennsla og námsframboð, samskipti og líðan, húsnæði og aðbúnaður og lykilárangur. Meginkaflaskipan skýrslunnar fylgir í öllum aðalatriðum þessum fyrirælium Menntamálastofnunar.

Mati úttektaraðila var upphaflega ætlað að grundvallast að miklu leyti á sjálfsmati Tækniskólans sem átti að vinna í aðdraganda ytri úttektar. Í bréfi Menntamálastofnunar til skólameistara TS, dags. 7. apríl 2017, var vísað til meðfylgjandi sjálfsmatsviðmiða stofnunarinnar þar sem segir m.a.:

Á háskólastigi er löng hefð fyrir því að fyrsti liður í ytra mati sé sá að krefja skóla um ítarlega sjálfsmatsskýrslu þar sem fjallað er um sömu efnisatriði og verða í framhaldinu tekin fyrir við ytra mat. Ytra mat felst þá í því að meta hversu vönduð og heiðarleg skýrslugjöfin er. Tilgangur heimsókna matsmanna til skóla og skýrslu um ytra mat snýst að verulegu leyti um að bregðast við og staðfesta það sem fram kemur í sjálfsmatsskýrslu skóla. Skóli fær skýrsludrög til athugunar áður en hún er birt opinberlega. Með þessu móti verður „samræða“ milli skóla og ytri matsaðila mun markvissari en ef skólaheimsókn er óundirbúin.

Á öðrum stað í viðmiðunum segir um þátttakendur í sjálfsmati skóla:

Mikilvægt er að sem flestir sem láta sig varða um starfsemi skóla komi að sjálfsmati á einn eða annan hátt, svo sem með því að móta áherslur í sjálfsmatinu, svara spurningakönnunum eða sitja í sjálfsmatshópi. Mikilvægt er að fulltrúar allra hópa innan skólans og helstu hagsmunaaðila utan hans komi að sjálfsmatinu til þess að skólinn sé metinn frá mismunandi sjónarhólum; nemendur, kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk. Einnig ætti að fá utanaðkomandi hagsmunaaðila, s.s. foreldra, fulltrúa grunnskóla á svæðinu, háskólasamfélagsins eða atvinnulífs, til að taka þátt.

Á þetta var minnt í nefndu bréfi Menntamálastofnunar og sagt að leiðbeiningunum um framkvæmd sjálfsmats sé ætlað „að auðvelda skólum að taka saman sjálfsmatsskýrslu í tilefni af ytri úttekt.“ Stofnunin mælti loks fyrir um að sjálfsmatsvinnu TS yrði lokið og útfylltum viðmiðum skilað til hennar í síðasta lagi 1. september 2017.

Fyriræli Menntamálastofnunar eru afdráttarlaus en eftir þeim var ekki farið. Það varð ljóst þegar úttektaraðilar gengu eftir sjálfsmati Tækniskólans nokkru áður en kom til boðaðrar heimsóknar þeirra í skólann í nóvember 2017. Ástæða þess er sú að skólameistari telur fyrirælin ekki eiga við einkarekna framhaldsskóla. Hann segir ráðuneytið funda reglubundið

með öllum framhaldsskólum þar sem farið sé yfir margvísleg gögn, s.s. um innra mat, en eftir sé að ákveða fyrirkomulag upplýsingagjafar einkarekinna skóla með þjónustusamninga.

Á sjónarmið skólameistara er ekki unnt að fallast, sbr. ákvæði fyrsta, þriðja og sjöunda kafla laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 sem fjalla um gildissvið, hlutverk og yfirstjórn, aðra skóla á framhaldsskólastigi en opinbera skóla, og mat og eftirlit með gæðum.

Óhjákvæmileg afleiðing þess að framangreind undirbúningsvinna fór ekki fram innan Tækniskólans er að matsaðilar hafa ekki möguleika til að rækja til fulls það hlutverk sitt að „leggja mat á kerfisbundið innra mat skólans og hvernig það nýtist til umbóta.“ Það er nauðsynlegt að hafa í huga við lestur þeirrar matsskýrslu sem hér fer á eftir.

Gagnaöflun úttektaraðila fór fram með þrennum hætti: Í fyrsta lagi var heimasíða skólans könnuð og þangað sóttar upplýsingar um skipulag hans og starfsemi. Í öðru lagi var óskað upplýsinga um tiltekin atriði með bréfi til skólameistara TS, dags. 4. maí 2017 (fylgiskjal 1). Við þeim óskum var brugðist vel. Í þriðja lagi fóru úttektaraðilar í heimsókn í skólann dagana 13.–15. nóvember 2017. Markmiðið var að kynna skólanum og skólastarfinu af eigin raun og taka ítarleg viðtöl við hlutadeigandi. Í þeim viðtölum var stuðst við viðtalsramma og voru samtölin hljóðrituð með góðfúslegu leyfi viðmælenda.

Viðtöl voru tekin við samtals 53 einstaklinga, þar af tvo oftari en einu sinni þar sem þeir gegna fleirum en einu hlutverki innan skólans: Skólameistara, skólastjóra undirskóla Tækniskólans, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, stjórnarformann Tækniskólans, rekstrar- og fjármálastjóra, gæðaráð, náms- og starfsráðgjafa, fagstjóra sérbrautar, brautarstjóra fyrir starfsbraut sérnám, kennara í námsveri, deildarstjóra upplýsingamiðstöðvar, brautarstjóra nýbúabrautar, stjórn nemendasambands, félagsmálafulltrúa og forvarnarfulltrúa, deildarstjóra markaðs- og kynningarmála, Auk þess voru tekin rýniviðtöl við hópa kennara og nemenda. Deildarstjóri tölvu- og tæknideildar og yfirkerfisstjóri voru boðaðir til viðtals en komu ekki vegna misskilnings um fundartíma.

Leitað var eftir því við formann nemendafélagsins að boða stjórn félagsins til viðræðna við úttektaraðila og jafnframt að annast myndun rýnihópa nemenda. Það gekk eftir. Sams konar ósk var send kennarafélagi skólans en það sá sér ekki fært að verða við beiðninni. Þá var gripið til þess ráðs að taka handahófsúrtak úr kennarahópnum og leiðrétt það síðan með tilliti til jafnrar skiptingar á milli undirskóla TS og kynjajafnréttis.

Niðurstöður úttektarinnar skiptast í tvo meginkafla. Í þeim fyrri er gerð grein fyrir ýmsum tölulegum upplýsingum um TS. Meðal annars er fjallað um fjölda nemenda og þróun aðsóknar að skólanum, samsetningu nemendahópsins, brotthvarf, námsbrautir og brautskráningu. Einnig er fjallað um kennara skólans, fjölda þeirra, menntun, starfsmannaveltu og starfsaldur. Þar á eftir er greint frá því hvernig unnið hefur verið í ljósi markmiða sem fylgdu skólasamningi 2013–2018 og loks er sagt frá viðbrögðum skólans við þeim tillögum að umbótaaðgerðum sem settar voru fram í ytri úttekt er gerð var á starfsemi TS árið 2012 á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Í síðari aðalkaflanum er mat úttektaraðila á þáttunum fimm: stjórnun og skipulagi, kennslu og námsframboði, samskiptum og líðan, húsnaði, og aðbúnaði og lykilárangri. Matið er sett fram í formi greiningar á styrkleikum og tækifærum til umbóta á hverjum þætti um sig. Að auki er mat lagt á hversu vel fullyrðingar, svonefndar vísbendingar, sem settar eru fram af hálfu Menntamálastofnunar, eiga við í ólíkum viðföngum innan hvers þáttar. Hverri fullyrðingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða sem hér segir:

- A. *Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár*
- B. *Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá*
- C. *Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta*
- D. *Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar*

Við framsetningu á mati þarf að hafa eftirfarandi í huga:

- Skáletraðir textar settir fram í römmum með gráleitum bakgrunni eru orðrétt viðmið sem koma frá Menntamálastofnun/mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Eins og fram hefur komið vann Tækniskólinn ekki það sjálfsmat í aðdraganda ytri úttektar sem ætlast var til og því eru engar merkingar frá skólanum við tölusettar vísbendingar í síðari hluta skýrslunnar. Mat ytri matsaðila, þar sem því varð við komið, er merkt með M.

Viðmælendum og öðrum þeim sem veittu upplýsingar er þökkuð aðstoðin.


Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins

Tækniskólinn var stofnaður árið 2008 þegar Iðnskólinn í Reykjavík og Fjöltækniskólinn, sem varð til með sameiningu Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélaskóla Íslands, sameinuðust. Árið 2015 sameinuðust Iðnskólinn í Hafnarfirði og Tækniskólinn og úr varð stærsti framhaldsskóli landsins. Auk framangreindra skóla er Flugskóli Íslands í 100% eigu Tækniskólans en hann var færður undir kennitölu skólans 1. janúar 2016 og er því þar með einn af undirskólum hans. Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins byggir á langri og merkri sögu skólanna fimm sem mynda undirstöður hans, sögu sem tengist atvinnulífi landsins á marga vegu. Skólinn er sjálfstætt starfandi framhaldsskóli í eigu rekstrarfélags Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), Samtaka iðnaðarins (SI), Samorku og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík og skipa fulltrúar eigenda fimm manna stjórn rekstrarfélags Tækniskólans. Skólinn skiptist í níu undirskóla sem hver um sig hefur sérstakan skólastjóra og faglegt sjálfstæði. Við skólana starfa sérstök fagráð þar sem saman koma fulltrúar atvinnurekenda, launþega og fagkennara í hverri grein.

Starfsemi Tækniskólans fer fram í nokkrum húsum. Höfuðstöðvar skólans og aðalbygging er á Skólavörðuholti. Þar er jafnframt Vörðuskóli sem skólinn hefur til umráða fyrir kennslu. Auk þessa húsnæðis er skólinn með starfsemi í sjómannaskólahúsnæðinu við Háteigsveg, Flatahrauni og Gjótuhrauni í Hafnarfirði, Einarsnesi við Skerjafjörð, Vatnagörðum, á Reykjavíkurflogvelli, og í Keldnaholti.


Nemendur

Góð aðsókn hefur verið að Tækniskólanum á undanförunum árum. Að meðaltali hafa 224 nýnemendur innritast í skólann að hausti frá árinu 2013, að langstærstum hluta karlar (mynd 1).



Mynd 1. Þróun í innritun nýnema haustin 2013–2017.


Alls voru 1833 nemendur skráðir í dagskóla á haustönn 2017 í Tækniskólanum. Frá vori 2013 til hausts 2017 hafa að meðaltali verið 1833 nemendur í skólanum á önn (mynd 2).



Mynd 2. Fjöldi nemenda í dagskóla vor og haust 2013–2017.

Frá vori 2013 til hausts 2015 fækkaði nemendum heldur í skólanum en haustið 2015 sameinuðust Tækniskólinn og Iðnskólinn í Hafnarfirði og myndaðist nokkurt ris í nemendatölu skólans og fór hún yfir 2000. Aftur hefur dregið úr fjölda nemenda og árið 2017 er nemendatalan mjög hliðstæð og hún var 2013.

Mikill meirihluti nemenda Tækniskólans eru karlar en árið 2016 voru konur innan við fjórðungur dagskólanemenda (mynd 3).



Mynd 3. Hlutfall karla og kvenna af heildarfjölda nemenda 2012–2016

Á fimm ára tímabili, 2012–2016, fjölga karlur í nemendahópnum um 10 prósentustig, fer úr 67,5% í 75,3%. Forystumenn skólans eru sér vel meðvitaðir um þessa stöðu og hafa freistað þess með ýmsum ráðum að fjölga konum í skólanum án þess að það hafi borið sýnilegan árangur.

Aldursdreifing nemendahópsins er umtalsverð því vorið 2017 var elsti nemandi skólans 72 ára að aldri, kona fædd 1945, en sá yngsti fæddur 2001 eða 15 ára (tafla 1).

Tafla 1. Aldursdreifing nemenda haust 2016 og vor 2017.

Fæðingarár	Haust 2016		Vor 2017		Meðalfjöldi	% af heild
	KK	KVK	KK	KVK		
1992+	332	188	324	172	508	38,3
1993	70	25	66	23	92	6,9
1994	84	44	76	41	123	9,2
1995	92	40	80	32	122	9,2
1996	133	26	106	17	141	10,6
1997	147	31	110	27	158	11,9
1998	159	33	140	28	180	13,6
1999	191	41	176	32	220	16,6
2000	251	48	236	43	289	21,8
2001		2		2	2	0,2

Að meðaltali voru um 38% nemenda skólaárið 2016–2017 25 ára og eldri. Fjölmennasti aldurshópur skólans var hins vegar fæðingarárgangur 2000 en 21,8% nemenda voru fædd það ár.

Nemendur skólans koma úr öllum landshlutum þótt langflestir þeirra séu af höfuðborgarsvæðinu eða yfir 80% nemenda á skólaárinu 2016–2017 (tafla 2).

Tafla 2. Uppruni nemenda Tækniskólans.

	Haust 2016	Vor 2017	Meðalfjöldi	Hlutfall
Reykjavík	845	743	794	43,5%
Reykjanes	816	733	774,5	42,4%
Vesturland	54	58	56	3,1%
Vestfirðir	21	15	18	1,0%
Norðurland vestra	17	19	18	1,0%
Norðurland eystra	34	30	32	1,8%
Austurland	27	23	25	1,4%
Suðurland	111	103	107	5,9%
Samtals	1925	1724	1824,5	

Það er athyglisvert í ljósi þess hversu fjölbreytt verknám Tækniskólinn hefur til boða hvað fáir nemendur stunda þar nám af landsbyggðinni þar sem víða er mjög takmarkað verknám í boði.

Námsbrautir

Tækniskólinn skiptist niður í níu undirskóla sem hver um sig býður upp á nokkurn fjölda námsbrauta. Þróun nemendafjölda sjö skólanna, greindan eftir kynjum, má sjá í töflu 3.

Tafla 3. Aðsókn að sjö skólum Tækniskólans eftir kynjum 2012–2016.

Skóli	2012		2013		2014		2015		2016	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Byggingatækni-	180	53	166	53	131	55	255	56	265	51
Handverks-	17	238	19	216	31	177	32	171	16	168
Raftækni-	208	5	176	8	167	10	247	14	245	16
Skipstjórnar-	95	5	102	2	92	4	88	5	64	3
Tæknimennta-	202	197	192	180	176	171	227	196	188	130
Upplýsingatækni-	369	101	412	103	422	84	408	80	445	97
Véltækni-	194	10	196	6	202	7	258	10	236	13
Samtals	1265	609	1263	568	1221	508	1515	532	1459	478

Auk framangreindra skóla er Flugskóli Íslands einn af skólum Tækniskólans svo og tækniakademían sem inniheldur nám sem flokkast sem viðbótarnám á framhaldsskólastigi (fjórða hæfnisþrep), s.s. endurmenntunarskólann, meistaranám, margmiðlun og vefumsjón. Skólaárin 2012–2016 var mest aðsókn á námsbrautir upplýsingatækniskólans og tæknimenntaskólans en nokkuð svipuð aðsókn hefur verið í aðra skóla aðra en skipstjórnarskólann. Með sameiningu Iðnskólans í Hafnarfirði og Tækniskólans haustið 2015 fjölgaði nemendum um sinn.

Námsbrautir skólanna má sjá í töflu 4.

Tafla 4. Námsbrautir sjö skóla Tækniskólans.

Byggingatækniskólinn	Handverksskólinn	Raftækniskólinn	Upplýsingatækniskólinn
Almenn braut	Almenn braut	Almenn braut	Almenn braut
Grunnnám tréiðna	Fataiðn	Grunnnám rafiðna	Bókband
Húsasmíði	Fatataekni	Grunnnám hraðferð	K2
Húsgagnasmíði	Gull- og silfursmíði	Hljóðtækni	Kvikmyndataekni
Málaraiðn	Hársnyrtibraut	Rafeindavirkjun	Ljósmyndun
Múriðn	Skósmíði	Rafvirkjun	Prentsmíði
Pípulagnabraut			Prentun
Tækniteiknun			Tölvubraut
Veggfóðrun og dúklagnir			Upplýsinga- og fjölmiðlabraut
Véltækniskólinn	Skipstjórnarskólinn	Tæknimenntaskólinn	
Almenn braut	Almenn braut	Almenn braut	
Grunnnám bíliðna	Skipstjórn A	Hönnunar- og nýsköpunarbraut	
Grunnnám málmiðna	Skipstjórn B	Hönnunar- og nýsköpunarbraut hraðferð	
Málmiðngreinar, f.h.	Skipstjórn C	Hönnunarbraut	
Rennismíðabraut	Skipstjórn D	Hönnunarbraut hraðferð	
Stálsmíðabraut	Skipstjórn E	Keramikhönnun	
Véltækniskólinn		Almenn námsbraut nýbúa	
Vélvirkjabraut		Janus endurhæfing	
		Náttúrufræðibrautir	
		Starfsnámsbraut	
		Starfsbraut sérnám	
		Stúdentspróf af list- og starfsbraut	

Mætingar og brotthvarf úr skóla

Í starfsáætlun Tækniskólans 2017–2018 er gengið út frá 170 dögum til skólastarfs samkvæmt stundaskrá og kennsluáætlun, 86 dagar á haustönn og 84 dagar á vorönn. Til viðbótar þessu áætla skólinn 16 daga á skólaárinu í endurgjöf með námsmati og starfsdaga kennara. Á hverjum mánudegi eru bókaðir tveggja tíma kennara- og starfsmannafundir.

Í reglum skólans segir að nemendur skuli sækja allar kennslustundir í þeim áföngum sem þeir hafa valið sér og mæta stundvíslega. Ef nemandi mætir ekki í skólann fyrstu kennsluvikuna og hefur ekki gert grein fyrir fjarveru sinni er litið svo á að hann ætli ekki að stunda nám í skólanum. Reglulega er gerð úttekt á skólasókn nemenda. Nemendur sem ekki fylgja reglum um skólasókn fá senda áminningu í gegnum Innu. Við endurtekin brot á reglum um skólasókn áskilur skólinn sér rétt til að vísa nemandanum úr skólanum. Reiknuð eru út fjarvistarstig mæti nemandi of seint í tíma eða skrópar. Fyrir 95–100% mætingu er gefin ein námseining sem nýtist sem hluti af frjálsum vali. Fari nemandi niður fyrir 80% heildarmætingu hefur skólinn rétt til að vísa honum úr skóla. Á skólaárinu 2016–2017 voru fjarvistir eins og sjá má í töflu 5.

Tafla 5. Fjarvistir nemenda haust 2016 og vor 2017 (sem hlutfall af heildartíma fjölda).

Fjarvistir	Haust 2016	Vor 2017
Veikindi	3,5%	4,4%
Of seint	0,5%	0,6%
Leyfi	0,5%	0,3%
Skróp	17,7%	16,7%

Brotthvarf frá námi við Tækniskólann hefur verið talsvert á liðnum árum og tiltölulega litlar breytingar á því á árabílinu 2012–2016 (tafla 6).

Tafla 6. Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2012–2016.

Ár	Haust	Vor	Meðaltal
2012	16,6%	15,9%	16,3%
2013	13,1%	17,1%	15,1%
2014	17,4%	17,0%	17,2%
2015	16,8%	14,9%	15,9%
2016	14,4%	15,9%	15,2%

Mest varð brottfallið á árinu 2014 eða 17,2% og var svipað báðar annirnar.

Fjöldi brautskráðra eftir brautum 2013–2017

Á tímabilinu vor 2013 til vors 2017 brautskráði Tækniskólinn 2253 nemendur (tafla 7).

Tafla 7. Brautskráningar af námsbrautum Tækniskólans vor 2013 til vors 2017.

Heiti námsbrautar	2013		2014		2015		2016		2017	Alls
	V	H	V	H	V	H	V	H	V	
Húsasmíði	9	12	4	5	11	7	17	8	17	90
Húsgagnasmíði	12	5	12	1	15	3	13	4	8	90
Málaraiðn	9	1	15		5	5	8	9	9	66
Múriðn	5		6		8		8		11	38
Pípulagnabraut						9	5	7	9	30
Tækniteiknun	12	1	11		12	1	17	2	7	63
Veggfóðrun og dúklagnir			1		1			2		4

Fataiðn	4	4	14		20		9		10	61
Fatataækni	6	4	1	3	2		1	3	2	22
Gull- og silfursmíði	7		8		5		3		8	31
Hársnyrtibraut	10	9	15	12	7	16	14	12	10	105
Skósmíði		1	1			1		1		4
Hönnunarbraut	9	10	11	8	13	12	15	8	11	97
Keramikhönnun		1	2							3
Hönnunar- nýsköpunarbraut	og								11	11
Hljóðtækni		13		17		12		15		57
Rafeindavirkjun	8	9	9	6	7	11	7	6	4	67
Rafveituvirkjun		1	11		1			15		28
Rafvirkjun	17	9	5	11	10	13	15	22	20	122
Skipstjórnarskólinn	37	1	37	4	43	12	33	6	21	194
Almenn námsbraut nýbúa		5	8	1	13	7				34
Náttúrufræðibraut			1				1			2
Náttúrufræðibraut – raftækni	1		1		2	1	1		2	8
Náttúrufræðibraut – tölvut.							1	2		3
Náttúrufræðibraut – flugtækni	1	3	5	1	2			2	2	16
Starfsnám	9		3		4		5		5	26
Stúdentspróf af list- og starfsbr.	35	19	41	31	46	32	27	17	21	269
Bókband				3	1		2		1	7
Kvikmyndatækni									7	7
Ljósmyndun	10	10	10	8	6		11		7	62
Prentsmíði	12	11	9	10	11	13	12	11	14	103
Prentun			1	4	3	2			1	11
Tölvubraut	14	6	20	12	25	21	16	22	30	166
Rennismíðabraut						4	3		1	8
Stálsmíðabraut						1	2	2	2	7
Véltækniskólinn	18	14	40	2	46	6	48	7	29	210
Vélvirkjabraut	15	5	25	1	30	8	34	11	2	131
Samtals										2253

Að jafnaði brautskráir skólinn tæplega 500 nemendur að loknu hverju heilu skólaári á þessu tímabili. Flestir nemendur hafa brautskráðst með stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut eða 269 og 210 úr véltækniskóla. Náms tími nemenda við útskrift varr að jafnaði 6,7 annir haustið 2016 og á vorönn 2017.

Dreifnám

Tækniskólinn býður upp á dreifnám – nám með vinnu – sem er nám utan dagskóla er sameinar kosti fjar- og kvöldnáms. Áfangi getur verið kenndur að öllu leyti í fjarnámi, að öllu leyti í staðbundnu námi eða að hluta í fjarnámi og að hluta í staðbundnum lotum. Nám og kennsla fer fram í gegnum Innu. Fjöldi innritana í einstaka áfanga ræður því hvort kennsla er í boði.

Að meðaltali stunduðu 568 nemendur dreifnám haust og vor við Tækniskólann á árabílinu 2012–2016 og skiptust á skóla eins og sjá má í töflu 8.

Tafla 8. Fjöldi nemenda í dreifnámi vor og haust 2012–2016 eftir skólum.

Skóli	2012	2012	2013	2013	2014	2014	2015	2015	2016	2016
	V	H	V	H	V	H	V	H	V	H
Byggingatækniskólinn	29	15	14	16	11	49	34	73	45	81
Raftækniskólinn	9	1	1	3	1	11	14	27	53	77
Skipstjórnarskólinn	190	151	269	235	193	182	198	163	103	107
Tæknimenntaskólinn	35	30	28	28	24	28	54	28	20	30
Upplýsingatækniskólinn	38	54	45	91	68	47	61	68	40	28
Véltækniskólinn	47	45	36	47	37	34	40	36	31	30
Tækniakademían	250	248	213	214	173	199	185	206	202	213
Samtals	598	544	606	634	507	550	586	601	494	566

Nokkurt brotthvarf er í dreifnámi og á árabílinu 2012–2016 var brotthvarf eininga eins og sjá má í töflu 9.

Tafla 9. Brotthvarf eininga úr dreifnámi 2012–2016.

Skóli	2012	2013	2014	2015	2016
Byggingatækniskólinn	14,2%	28,9%	31,1%	26,4%	18,1%
Raftækniskólinn	39,1%	17,3%	19,4%	28,9%	30,3%
Skipstjórnarskólinn	17,3%	17,0%	16,7%	15,7%	16,1%
Tæknimenntaskólinn	20,3%	12,0%	17,9%	17,6%	24,3%
Upplýsingatækniskólinn	17,4%	29,4%	26,3%	23,4%	36,8%
Véltækniskólinn	23,7%	14,3%	23,5%	17,2%	27,5%
Tækniakademían	7,8%	6,7%	6,4%	8,5%	7,3%

Mest er brotthvarfið úr upplýsingatækniskólanum og úr raftækniskólanum en minnst úr tækniakademíunni.

Fjöldi og stöðugildi kennara og annars starfsfólks haust 2017

Haustið 2017 voru starfsmenn Tækniskólans alls 261 í 247,75 stöðugildum. Karlar voru 148 í 138,25 stöðugildum og konur 113 í 109,5 stöðugildum (tafla).

Tafla 10. Starfsheiti, stöðugildi og fjöldi starfsmanna eftir kynjum að hausti 2017.

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Skólameistari	1	1,0		
Aðstoðarskólameistari	1	1,0		
Áfangastjóri	1	1,0		
Fjármálastjóri			1,0	1
Skólastjóri	3	3,0	4,0	4
Kerfisstjóri	1	1,0		
Deildarstjóri upplýsingamiðstöðvar			1,0	1
Deildarstjóri IT	1	1,0		
Deildarstjóri fasteigna	1	1,0		
Deildarstjóri markaðsdeildar	1	1,0		
Framhaldsskólakennari	93	93,0	72	72,0

Kennslustjóri sérnámsbrautar	1	0,1	1	0,05
Sérkennari			1	1,0
Verkefnastjóri K2 og vefskóla	1	1,0	1	1,0
Verkefnastjóri í endurmenntun			2	2,0
Aðstoðarmaður áfangastjóra	1	0,5	2	2,0
Náms- og starfsráðgjafi			4	4,0
Félagsmálafulltrúi	1	1,0		
Leiðbeinandi	16	16,0	3	3,0
Þroskaþjálfari			4	4,0
Stuðningsfulltrúi	2	1,4	2	1,4
Netstjóri	1	1,0		
Bókavörður	1	1,0	2	1,5
Bókasafns- og upplýsingafræðingur			2	1,6
Gæðastjóri	1	0,5		
Vefstjóri			1	1,0
Markaðsfulltrúi			1	1,0
Tæknimaður	11	4,5		
Skólaliði	5	4,75	2	2,0
Bókari			3	2,75
Ritari á skólaskrifstofu			3	2,7
Hjúkrunarfræðingur			1	0,5
Málari	1	1,0		
Smiður	1	1,0		
Tækjavörður véltækniskóla	1	1,0		
Tæknimaður raftækniskóla	1	0,5		
Alls:	148	138,25	113	109,5

Á haustönn 2016 voru 23 stundakennarar starfandi við Tækniskólann. Þeir kenndu 216 kennslustundir á viku. Á vorönn 2017 voru 10 stundakennarar starfandi við TS. Þeir kenndu 75 kennslustundir á viku.

Menntun kennara

Allir kennarar eru menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna og 86% þeirra hafa full kennsluréttindi (tafla 11).

Tafla 11. Menntun kennara.

Menntun	Fjöldi kennara
PhD auk kennsluréttinda	1
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	61
Kandídatgráða	2
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	42
Önnur menntun auk kennsluréttinda	47
Háskólapróf án kennsluréttinda	17
Önnur menntun án kennsluréttinda	8

Rúmur þriðjungur, 36%, kennarahópsins hefur lokið meistaraþrófi eða hærri prófgráðu auk kennsluréttinda en 14% kennara eru án kennsluréttinda.

Starfsaldur og starfsmannavelta

Frá hausti 2015 til hausts 2017 hafa 34 kennarar látið af störfum við skólann en 27 kennarar voru ráðnir í þeirra stað. Það gerir 4,6% starfsmannaveltu meðal kennara á þessu tímabili.

Forfallakennsla

130 kennarar tilkynntu forföll/veikindi á vorönn 2017 í einn eða fleiri tíma, að jafnaði 23 kennslustundir hver. Greitt var fyrir 344 kennslustundir í forföll. Kennslustundir sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara á vorönn 2017 voru samtals 2893 sem verður að teljast umtalsvert.

Markmið í viðauka með skólasamningi 2013–2017.

Í viðauka með skólasamningi 2013–2017 eru sett fram markmið sem skólinn hyggst vinna að á samningstímabilinu. Þar eru jafnframt tilgreindir mælipunktur til að fylgjast með hvernig miðar að markmiðunum. Upplýsingar skólameistara gefa til kynna að vel hafi miðað að mælipunktum (tafla 12).

Tafla 12. Mælipunktur fyrir markmið í viðauka skólasamnings.

Viðmið:	Árangur:
Stefna í kennslu og námi	
Afföll skráðra eininga verði undir 15%. Hlutfall staðinna eininga verði yfir 75%. Hlutfall lokaprófa í námsmati minnki um 30%. Notkun ferilmöppu sem hluti af námsmati aukist um 30% á ári.	Voru 14,03% á vorönn 2017. Voru 74,24% á vorönn 2017. Lokapróf samkvæmt próftöflu hafa verið aflögð í Tækniskólanum. Fjöldi matsþátta er að lágmarki 5 og einstakur matsþáttur má ekki vera hærri en 35% af lokaeinkunn. Tækniskólinn vinnur að og leiðir gerð rafrænnar ferilbókar í samstarfi við MMR.
Stefna í þróun námsbrauta	
Nýjar/endurskoðaðar námsbrautir verði a.m.k. fjórar á ári. Nýjar námsbrautir á fjórða þrepi verði a.m.k. þrjár. Nemendum sem ljúka námi á fjórða þrepi skólans fjölgi um 20%.	23 námsbrautir hafa verið endurskoðaðar. Námskrár í margmiðlun og vefþróun eru á fjórða þrepi. Allar 32 brautir meistarskólans eru í endurskoðun. Útskrift á fjórða þrepi var 32% á vorönn 2017 sem hlutfall af brautskráðum í heild á árinu.
Stefna um mannaúð, ánægju nemenda og starfsmanna	
Annað hvert ár verði gerð ein viðhorfskönnun meðal nemenda og ein meðal starfsmanna. Einkunn kennslumats verði ekki undir 4,0. Einkunn áfangamats verði ekki undir 4,0.	Viðhorfskannanir féllu niður um árabíl en voru gerðar í desember 2017. Var 4,4 á haustönn 2017. Var 4,2 á haustönn 2017.
Stefna um rekstur, skipulag og húsnæði	
Tekjur aðrar en opinber framlög verði allt að 20% af heildartekjum á þremur árum.	Voru 13% árið 2015 og 22% árið 2016.

<p>Meðalnýting í námshópum verði yfir 90% á hverju skólaári. Hlutfall launakostnaðar af heildartekjum sé ætíð undir 80%. Gæðakerfi samkvæmt ISO9001 staðli verði komið á skólann í heild og vottað ekki síðar en 2014.</p>	<p>Meðalnýting var 91% skólaárið 2017. Var 78% árið 2015 og 73% árið 2016. Lokið á tíma.</p>
--	--

Aðgerðir skóla í kjölfar ytri úttektar 2012

Í kjölfar ytri úttektar árið 2012 var gerð áætlun um umbótastarf í skólanum. Í töflu 13 er að finna upplýsingar um hvernig til hefur tekist að uppfylla þá áætlun.

Tafla 13. Staða aðgerða í kjölfar ytra mats 2012.

Umbætur	Lokið	Lokið að hluta	Ólokið
Skerpt verði á stjórnskipunarlegri stöðu Margmiðlunarskólans innan Tækniskólans.			
Stjórnskipan Tækniskólans verði endurskoðuð með það að markmiði að þetta tengsl milli yfirstjórnar og starfsmanna og auðvelda þeim að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stefnumótun og ákvarðanatöku. Á skipuriti þarf að koma fram sundurgreining stöðþjónustu og staða hennar innan skólans.			
Fulltrúum nemenda, kosnum af Nemendasambandi Tækniskólans, verði tryggður réttur til setu á fundum rekstrarráðs og gæðaráðs með málfrelsi og tillögurétti.			
Skilgreina þarf nánar fjárhagslegt sjálfstæði hvernar einingar skólans og fjárhagslega ábyrgð stjórnanda. Þess sé jafnframt gætt að starfsmenn hvernar einingar séu reglulega upplýstir af hálfu stjórnanda um rekstrarstöðu hennar.			
Gerð verði áætlun um eflingu stöðþjónustu eftir nokkurt sveltí vegna niðurskurðar. Einkum verði horft til þess að efla kennslufræðilega ráðgjöf við kennara og námsráðgjöf.			
Stuðlað verði að því að hver undirskóli vinni að sjálfstæðu innra mati og umbótaáætlun í ljósi markmiða aðalnámskrár og eigin skólanámskrár. Matið verði um leið hluti af heildstæðu sjálfsmati Tækniskólans. Slíkt mat mun auka faglegt starf og metnað innan skólans.			
Niðurstöður innra mats skólans verði gerðar aðgengilegar innan skóla og utan.			
Heildstæðar aðgerða- og umbótaáætlanir verði gerðar í ljósi niðurstaðna úr innra mati.			
Mótuð verði starfsþróunarstefna Tækniskólans í ljósi umbótaáætlunar samfara innra mati.			

Um viðbrögð Tækniskólans og mat á því hvernig til hefur tekist er þetta að segja:

Í fyrsta lagi ákvað skólinn að horfa „til starfsmannafunda, viðhorfskannana og innra mats“ hvað varðar suma þessara liða. Það mat hefur farið fram með notkun vottaðra tékklista í rekstrarhandbók skólans, sjá viðauka um stjórnun og skipulag. Það mat tekur aðallega til reksturs og stjórnunar en ekki voru gerðar viðhorfskannanir í allmörg ár, hvorki fyrir skólann í heild né í undirskólum hans. Fyrir vikið skortir allmikið á að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir um innra starf, líðan og viðhorf starfsfólks og nemenda eins og síðar verður komið að.

Í öðru lagi hafnar skólinn því að breyta samsetningu rekstrarráðs. Að sögn skólans er hlutverk rekstrarráðs að annast daglega stjórnun skólans og eru þar til umræðu mál sem snúa að fjármálum, starfsmannamálum, kennslumálum og nemendamálum og eru hvorki almennir starfsmenn, kennarar né nemendur aðilar að þeim vettvangi. Aðkoma nemenda að innra mati og stefnumótun er aðeins á vettvangi skólanefndar. Fulltrúar nemenda hafa ekki setið í gæðaráði en skólinn telur því ekkert til fyrirstöðu þó ekki hafi komið til þess enn.

Í þriðja lagi segjast skólastjórar undirskóla Tækniskólans hafa frábeðið sér fjárhagslega ábyrgð nema að mjög takmörkuðu leyti. Vinnulag vegna reksturs einstakra skóla er að sögn skólameistara með þeim hætti að fjármálastjóri vinnur fjárhagsáætlun með aðkomu skólastjóra sem þeir síðan bera ábyrgð á að framfylgja. Skólastjórar ákveða kennslumagn og kennsluskipan sem hefur áhrif á 70% af rekstri hvers skóla, ráða kennara að sínum skólum, bera ábyrgð á öllum efniskaupum og annast uppáskriftir allra reikninga sem bókfærðir eru á þeirra skóla. Skólastjórar gera tillögur að fjárfestingum skóla sinna og annast um samninga þeirra vegna. Í ljósi ummæla skólastjóra og vinnulags eins og því er lýst af skólameistara virðist þurfa að skerpa á hvar hin raunverulega fjárhagslega ábyrgð liggur, hjá fjármálastjóra eða hverjum skólastjóra.

Í fjórða lagi er naumast hægt að tala um eiginlega starfsþróunarstefnu innan Tækniskólans þótt í starfsmannastefnu hans segi að starfsfólk eigi jafna möguleika „til starfsframa, þannig að tryggt sé að hæfileikar starfsmanna nýtist sem best. Starfsmenn hafa tækifæri til endur- og símenntunar til að viðhalda eigin hæfni í breytilegu umhverfi. Starfsmenn eiga kost á starfsmannasamtali með yfirmanni samkvæmt verklagsreglum.“ Starfsþróun felur í sér að leitað er leiða til að greina og koma til móts við þarfir einstakra kennara, kennarahópa eða skólasamfélagsins alls m.t.t. nýrrar þekkingar og færni með það að markmiði að auka gæði náms. Starfsþróun felur því í sér skipulega endurmenntun kennara í samræmi við mótaða starfsþróunarstefnu hvers skóla og áætlanir byggðar á henni. Starfsþróunarstefna tekur bæði tillit til þarfa skólans sjálfs og einstaklinganna innan hans.

Viðmið og vísbendingar

Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Viðmiðanir: Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunnildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Mat á stjórnun og skipulagi:

1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónusta, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í víðum skilningi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólafestefnu.	M			
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.		M		
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.	M			
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.			M	
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.		M		

1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.		M		
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.		M		
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.		M		
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.			M	
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.		M		

1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	M			
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.		M		
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.	M			

1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Vísbendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.		M		
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.			M	
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.			M	
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.			M	
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.		M		
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.		M		

Páttur 2: Kennsla og námsframboð

Viðmiðanir: Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Mat á kennslu og námsframboði:

2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.		M		
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.		M		
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.				
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.				
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.				
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.				
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.				
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.				

2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tök eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

Vísendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.		M		
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	M			

2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólasterfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

Vísendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	M			
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.				
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.				

2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

Vísendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.		M		
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.		M		
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.		M		
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.		M		

2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluaðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.				
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	M			
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.		M		
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.		M		
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.		M		
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	M			

Þáttur 3: Samskipti og líðan

Viðmiðanir: Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Mat á samskiptum og líðan:

3.1. Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.		M		
45. Nemendum líður vel í skólanum.				
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.		M		

3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að hjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.				
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.				
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.	M			

3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugum félagsstarfi fyrir nemendur.		M		
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.		M		
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.		M		
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.		M		

3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjárforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann.

Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.			M	
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.		M		
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.			M	

3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða prepi í framhaldsskólalæðingum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.		M		
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.		M		
59. Skráð og virk tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.		M		

Páttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Viðmiðanir: Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Mat á húsnæði og aðbúnaði:

Vísbendingar

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.	M			
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	M			
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.		M		
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.	M			
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.	M			
65. Skólinn hefur fullnægjandi mótuneytisaðstöðu.	M			
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.		M		

Páttur 5: Lykilárangur

Viðmiðanir: Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á lykilárangri:

5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.				
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.				
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.		M		

5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.				
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.		M		
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.		M		
73. Nemendur hafa skilning á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.		M		
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.				
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.		M		

5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma. Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.				M
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.		M		
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.		M		

Viðauki

Umsögn ytri matsaðila um stjórnun og skipulag (styrkleikar/tækifæri til umbóta)

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins (TS), starfar á grundvelli aðalnámskrár og laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og þeirra hlutverka sem þar eru skilgreind. Skólinn er einkarekinn og er rekstrarfélagið í eigu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi – SFS, Samtaka iðnaðarins, Samorku og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Um meginmarkmið skólans segir á heimasíðu hans að það sé

að veita nemendum menntun sem samtímis er sniðin að þörfum nemenda og atvinnulífs, auðgar líf einstaklinganna og eflir samfélagið. Það er stefna skólans að vera ávallt í fararbroddi í þróun námsbrauta, kennsluhátta og notkun upplýsingatækni í kennslu.

Þar segir jafnframt að hlutverk skólans sé að

stuðla að alhliða þroska nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám í sérskólum og háskólum. Einnig er það hlutverk skólans að búa nemendur undir virka þátttöku í lýðræðis-þjóðfélagi og leitast við að efla með þeim ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi.

Loks segir um sérstöðu Tækniskólans að hún felist

í nánnum tengslum hans við atvinnulífið í gegnum eignarhaldsfélag hans og fagråd sem tengjast öllum námsbrautum skólans. Flestar námsbrautir Tækniskólans veita markvissan undirbúning til ákveðinna starfa jafnframt því sem þær opna leiðir til áframhaldandi náms. Sérstakt hlutverk Tækniskólans er að mennta eftirsótt fólk í handverks-, iðnaðar-, tækni-, og tölvugreinum til starfa í íslensku jafnt sem alþjóðlegu umhverfi.

Gildi Tækniskólans eru skilgreind á heimasíðu undir fjórum kjörorðum: Menntun – Virðing – Fagmennska – Framsækni. Þau eru einnig vel kynnt með stórum veggspjöldum í mat- og setustofu nemenda og á borðum í matsal starfsmanna.

Stefnuskjöl Tækniskólans eru níu og um þau segir á heimasíðu að skólinn hafi „fastmótaðar stefnur í málum er koma að rekstri og stjórnun hans.“ Þar segir jafnframt að innan TS starfi „teymi starfsmanna sem setja stefnurnar og sjá um að þeim sé framfylgt.“ Stefnuskjöl Tækniskólans eru eftirfarandi: Alþjóðastefna; Forvarnarstefna; Gæðastefna; Heilsustefna; Jafnréttisstefna; Starfsmannastefna; Stefna gegn einelti og kynferðislegri áreitni og ofbeldi; Umhverfisstefna; Viðbrögð við áföllum. Þessi stefnuskjöl eru alla jafna stutt en í þeim eru sett fram markmið og leiðir til þess að ná þeim þar sem það á við. Skólinn hefur ekki aðra menntastefnu en þá sem kemur fram innan gæðastefnunnar. Þar segir um nám og kennslu að skólinn leggi „áherslu á að nemendur læri með því að leysa raunhæf og skapandi verkefni í hverri grein. Skólinn leggur áherslu á samþættingu námsgreina, þverfaglegt samstarf og að sköpun og frumkvæði einkenni nám og kennslu.“

Skólanámskrá er birt sem sérstakur hlekkur á heimasíðu og skiptist hún í sextán aðalkafla og fjölmarga undirkafla. Auðvelt er að rata um námskrána og almennt má segja að einfalt sé að finna upplýsingar á heimasíðu skólans.

Stjórn Tækniskólans er skipuð fimm fulltrúum eigenda og jafnmörgum til vara. Samtök iðnaðarins og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi eiga hvor um sig tvo fulltrúa og endurspeglar það væntanlega sterka eignaraðild beggja. Stjórnin ræður skólameistara sem ber ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi TS. Verk- og valdsvið skólameistara er breitt eins og sjá má af starfslýsingu hans:

Skólameistari ber ábyrgð á fjárhagslegri afkomu Tækniskólans í samræmi við fjárhags- og rekstraráætlun og stjórnar starfsmönnum og eignum Tækniskólans í samræmi við sett markmið. Skólameistari er æðsti embættismaður skólans og ber jafnframt ábyrgð á starfsmannamálum Tækniskólans, tekur ákvarðanir um starfsmannaráðningar og brottvikningar og ákvarðanir um kjör og aðbúnað starfsmanna innan ramma markmiða stjórnar, laga og reglugerða. Skólameistari ber ábyrgð á tengslum við lykilviðskiptavini Tækniskólans, skilgreinir þarfir þeirra og skipuleggur þróun menntunarframbóðs sem uppfyllir þarfir viðskiptavina og nemenda í samræmi við stefnu og markmið Tækniskólans og innan ramma laga og reglugerða.

Aðrir skilgreindir yfirstjórnendur eru aðstoðarskólameistari, rekstrar- og fjármálastjóri og áfangastjóri. Þeim til aðstoðar eru gæðastjóri, umsjónarmaður fasteigna, kerfisstjóri, deildarstjóri tölvudeildar og forstöðumaður bókasafns og upplýsingamiðstöðvar sem öll eru skilgreind sem stjórnendur Tækniskólans, hvert á sínu sviði.

Stjórn Tækniskólans er jafnframt skólanefnd hans að viðbættum lögbundnum áheyrnarfulltrúum kennara, nemenda og foreldra. Skólanefnd fundar tvisvar á hverju skólaári. Fundargerðir hennar eru ekki aðgengilegar.

Að formi til er Tækniskólanum skipt upp í eftirfarandi níu faggreinaskóla sem síðan deilast niður í mismargar námsleiðir hver:

- Byggingatækniskólinn
- Flugskóli Íslands
- Handverksskólinn – hár, gull, föt
- Raftækniskólinn
- Skipstjórnarskólinn
- Tækniakademían
- Tæknimenntaskólinn
- Upplýsingatækniskólinn
- Vél-tækniskólinn

Heimasíða TS tilgreinir endurmenntunarskólann, margmiðlunarskólann og vefskólann sem skóla en samkvæmt upplýsingum frá skólameistara heyra þeir undir tækniakademíuna sem tekur til þess námsframbóðs TS sem hefur námslok á fjórða þrepi. Þá ber að nefna að visst ósamræmi er í upplýsingagjöf skólans um fjölda undirskóla ef litið er til þeirra taflna sem birtar eru í *Ársskýrslu 2016*, bls. 24–26. Þar eru undirskólarnir ýmist taldir átta eða níu þótt efnið sem töflurnar sýna virðist sambærilegt, s.s. töflur um brottfall eininga í fagáföngum skóla og brottfall eininga í almennum greinum (bls. 26).


Faggreinaskólarnir lúta allir forsjá skólastjóra og eru þeir átta talsins. Um hlutverk þeirra og starfssvið segir í *Ársskýrslu 2016* (bls. 12):

Skólastjórar einstakra skóla Tækniskólans annast faglega ábyrgð og stjórnun á námi við Tækniskólann og nær sú ábyrgð yfir skipulag kennslu og námsefnis, ráðningar kennara og ráðgjöf nemenda varðandi áfangaval. Skólastjórar ráða fagstjóra, verkefnisstjóra eftir eðli og umfangi skólans. Skólastjórar taka virkan þátt í daglegri stjórnun Tækniskólans og sitja vikulega fundi með rekstrarráði Tækniskólans.

Til frekari skýringar á þeim hlutverkum og starfseiningum sem skipurit Tækniskólans sýnir (mynd 4) skal eftirfarandi nefnt (talið að ofan og niður):

- Ráðgjafaráð stjórnar er skipað einum fulltrúa frá Félagi vélstjóra og málmtæknimanna og öðrum frá Byggið – félagi byggingamanna.
- Rekstrarráð er skipað yfirstjórn skólans, þ.e. skólameistara, aðstoðarskólameistara, rekstrar- og fjármálastjóra og áfangastjóra. Ráðið fundar vikulega.
- Gæðaráð er skipað skólameistara, gæðastjóra og tveimur fulltrúum kennara.
- Skólaráð er lögbundið ráð en að sögn skólameistara er það mjög sjaldan kallað saman.

- Skólastjóraráð er hið sama og stjórnendaráð. Ráðið fundar vikulega. Í því sitja allir skólastjórar undirskóla TS að viðbætti yfirstjórn skólans. Auk þess sitja stjórnendur á rekstrarsviði og í markaðsdeild stjórnendaráðsfundi einu sinni í mánuði.
- Fagráð skóla skipa aðilar úr atvinnulífinu og eru þau misvirk eftir faggreinum.
- Brotnar línur í efri hluta skipurits merkja að viðkomandi aðili hefur ekki stjórnenda- eða boðvald innan ritsins.



Mynd 4. Skipurit Tækniskólans.

Stuttar starfslýsingar eru birtar á heimasíðu TS og ítarlegri lýsingar eru í rekstrarhandbók sem er gæðakerfi skólans. Samkvæmt þeim hvílir fagleg forysta um skipulag og þróun náms og kennslu aðallega á herðum skólameistara, aðstoðarskólameistara og skólastjóra undirskóla, einkum þeim síðasttöldu.

Ársskýrslur skólans koma út reglubundið. Þær eru skýrar og skipulegar og veita drjúgar upplýsingar um skólastarfið. Skýrslurnar eru ekki undirritaðar en þeim er fylgt úr hlaði með ávarpi stjórnarformanns.

Tækniskólinn notar vottað gæðakerfi sem svo er lýst í *Ársskýrslu 2016* (bls. 29):

Grunnhugsunin á bak við gæðakerfi er að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans, að ferlar skólans séu gegnsær og þjónusta við nemendur sé eins og best verði á kosið. Það er ein af forsendum framþróunar að menn hugi stöðugt að endurbótum.

Alþjóðlegar samþykktir frá IMO, sem Ísland og þar með skólinn er aðili að, og lög frá Alþingi gera kröfur á skólann um vottað gæðakerfi skólans. Rökrétt er því að Skipstjórnarskólinn og Véltaeknisakólinn vinni eftir slíku kerfi. IMO gerir kröfu um úttekt á gæðakerfinu á fimm ára fresti eða oftar. Þessi úttekt er gerð af utanaðkomandi, óháðum aðila.

Tækniskólinn er ISO 9001:2008 vottaður og er ytri vottun framkvæmd á 6 mánaða fresti af Vottun hf.

Gæðakerfi skólans á að tryggja að skólinn uppfylli þær þarfir og væntingar sem nemendur og aðrir viðskiptavinir hafa til hans. Gæðakerfið er leiðarvísir um kennsluferli skólans, hver gerir hvað, hvernig og hvenær. Þetta ferli er stöðugt endurbætt og tekið út tvisvar á ári. Með gæðakerfi er verið að lýsa hvernig skólinn starfar og tryggja að unnið sé eftir þeim vinnureglum sem þar eru settar. Innihald gæðakerfis skólans er í Rekstrarhandbók hans sem opin er öllum í gegnum heimasíðu skólans, www.tskoli.is.

Þótt Tækniskólinn sé ekki bundinn af ytri vottun nema í skipstjórnar- og véltækniskólanum er það ákvörðun hans að vottunin taki til allrar starfseminnar. Innan hans fer fram reglubundið kennslumat á hverri önn fyrir alla áfanga á meðal nemenda og heildarniðurstöður þess eru birtar á heimasíðu TS og í ársskýrslum. Þá ræða skólastjórar niðurstöður matsins á fagfundum innan sinna skóla og í starfsmannasamtölum. Gagnvart nemendum fer fram miðannarmat þar sem kennarar gefa nemendum vitnisburð um frammistöðu þeirra það sem af er. Þessu til viðbótar má nefna rafrænt ábendingakerfi um það sem betur má fara og er það opið bæði nemendum og starfsmönnum og er fjallað um þær ábendingar sem berast á sérstökum rekstrarráðsfundi í lok hverrar annar og gengur hann undir nafninu Rýni stjórnenda.

Af rekstrarhandbók TS og samtölum við aðila innan skólans er ljóst að ein afleiðing þess fyrirkomulags sem skólinn notar við innra mat er mikil áhersla á reglubundið eftirlit með rekstri, stjórnun og framkvæmd náms og ferlum sem tengjast námi en þættir er lúta að líðan, aðbúnaði og starfsánægju nemenda sem almennra starfsmanna eru bundnir við kennslumat, námsmat og starfsmannasamtöl. Þannig var síðast gerð viðhorfskönnun meðal starfsmanna á vorönn 2012 og nýnemakönnun var gerð haustið sama ár. Þetta stangast á við það sem segir í stefnu skólans um mannauð, ánægju nemenda og starfsmanna (sjá *Ársskýrslu 2016*, bls. 8, og eldri ársskýrslur). Orðrétt stendur þar: „Skólinn mælir reglulega líðan og ánægju nemenda og starfsmanna og setji niðurstöðurnar í ferli til úrbóta þar sem við á.“ Og áfram: „Annað hvert ár verði gerð ein viðhorfskönnun meðal nemenda og ein meðal starfsmanna.“¹

Það að þessar kannanir hafa ekki verið gerðar og að ekki var unnið með útsent matsform Menntamálastofnunar í aðdraganda ytra mats, sjá Inngang, hefur í för með sér að mikið skortir á að nægar forsendur séu fyrir hendi til þess að meta sumar þeirra vísbendinga sem skólanum og þessari úttektarskýrslu er ætlað að taka afstöðu til. Ýmsir viðmælenda ytri úttektaraðila orðuðu stöðuna á þann veg að nemendur og starfsfólk skorti rödd innan skóla, bæði á vettvangi stjórnunar og í gegnum nafnlausar kannanir.

Styrkleikar

- Stefnuskjöl Tækniskólans eru fullnægjandi.
- Skólanámskrá TS er vel skipulögð og auðvelt að afla upplýsinga í henni og annars staðar á heimasíðu skólans.
- Starfslýsingar eru aðgengilegar og afmarka helstu verk- og ábyrgðarsvið.
- Gæðakerfi TS er gott svo langt sem það nær, þ.e. hvað varðar kennslumat, stjórnun og rekstur.
- Ársskýrslur TS koma út reglulega og veita greinargóðar upplýsingar.

Tækifæri til umbóta

- Ósamræmi er á milli skipurits TS og þeirra upplýsinga sem koma fram á heimasíðu og í ársskýrslum um innra skipulag skólans, einkum hvað varðar undirskóla.
- Virkja þarf skólaráð með það að markmiði að auka reglubundið samtal innan skóla.

¹ Þess skal getið að forsvarsmenn Tækniskólans lögðu viðhorfskannanir fyrir bæði nemendur og starfsfólk eftir heimsókn matsmanna í nóvember 2017 og birtu niðurstöður þeirra sem viðauka í áður útgefni *Sjálfsmatsskýrslu 2017* á vef skólans skömmu fyrir júl sama ár. Niðurstöður þeirra kannana eru ekki nýttar að neinu leyti í þessari úttektarskýrslu.

- Endurskipa þarf í gæðaráð með þátttöku allra hagsmunaaðila í TS til þess að kalla fram sem flest sjónarmið.
- Gæðakerfi TS þarf að breikka svo það nái að spegla alla þætti skólastarfsins. Það þarf að verða skólamiðaðra og bæta þarf við þáttum sem taka m.a. til líðanar, aðbúnaðar og starfsánægju nemenda sem almennra starfsmanna.
- Líðanar- og viðhorfakannanir meðal nemenda og starfsmanna þarf að gera með reglubundnum hætti, ræða niðurstöður þeirra með virkri þátttöku sömu hópa og setja fram viðbragðs-/aðgerðaáætlanir eftir því sem niðurstöður gefa tilefni til.

Umsögn ytri matsaðila um kennslu og námsframboð (styrkleikar/tækifæri til umbóta)

Námsframboð í Tækniskólanum er það fjölbreyttasta sem um getur í íslenskum framhaldsskóla. Grunnur þess eru níu undirskólar og fjöldi námsleiða innan þeirra eins og frá er skýrt framfar í þessari skýrslu (bls. 12). Allar námsleiðir virðast vera vel skilgreindar á heimasíðu skólans og þar er greinargott yfirlit um skipan þeirra innan einstakra undirskóla. Kennarar með kennsluréttindi annast kennslu í miklum meirihluta áfanga en þó eru tuttugu og fimm leiðbeinendur, allir í fullu starfi, án kennsluréttinda. Verst gengur að fá menntaða kennara til starfa í ýmsum verkgreinum, t.d. vélstjórn, sem leiðir gjarnan til þess að yfirvinna verður stundum mikil og álag þungt á nokkra einstaklinga.

Skortur er á gögnum til þess að unnt sé fyrir ytri matsaðila að leggja raunhæft mat á vísbendingar 23–28. Þó má nefna að nokkuð almennt samkomulag var um það meðal viðmælenda matsaðila að yfirleitt ríki gott andrúmsloft meðal nemenda sem starfsfólks í Tækniskólanum. Nefnt var í rýnihópum kennara að verkefnastýrt nám hafi aukið starfsánægju nemenda í sumum undirskólanna því það komi til móts við einstaklingsbundnar aðstæður meðal þeirra. Í öðrum undirskólum var sama námsaðferð sögð hafa mistekist og í enn öðrum var fullyrt að aðferðin eigi alls ekki við það nám sem þar fer fram. Þá var bent á að bókleg grunnfölg eru ekki verkefnastýrð sem leiðir til þess að nemendur eru ýmist að koma eða fara úr verklegum tímum sem er mikil áskorun fyrir kennara. Tilraunir eru gerðar með fjölbreytta kennsluhætti á nýrri námsleið, K2, og lotunám er t.d. viðhaft innan handverksskólans. Af þessu er ljóst að bæði kennsluhættir og kennsluform eru með ýmsu móti innan TS og skólayfirvöld hafa lagt sitt af mörkum til þess að hvetja til umræðu um og þróun þeirra, bæði með því að fá utanaðkomandi fyrirlesara og með því að fá kennara til þess að deila reynslu sinni með samkennurum. Meðaltöl áfanga- og kennaraspurninga í kennslumati benda til þess að nemendur séu að jafnaði ánægðir með það sem fram fer í kennslustundum en sundurliðun spurninga er ekki birt í sjálfsmatskýrslum og því ekki unnt að leggja mat á einstaka þætti.

Dreifnemar eru margir í Tækniskólanum (sjá töflu 8) en ekki er nein ein stefna um framkvæmd námsins. Sem dæmi má nefna að sumir kennarar nota upptökur sem settar eru á netið en aðrir ekki. Af því hlýst ósamræmi og stundum óánægja meðal nemenda.

Í rýnihópum nemenda kom fram að kennsla sé misjöfn og verkstjórn kennara í kennslustundum á ýmsa lund.

Innan Tækniskólans eru í reynd tvenns konar sérnámsbrautir. Annars vegar er starfsnámsbraut sem ætluð er „nemendum sem stundað hafa nám í sérdeildum grunnskóla eða notið mikillar sérkennslu á grunnskólastigi. Greining um námserfiðleika / fötlunarstig þarf að fylgja umsókn.“ Innan þessarar einingar eru fjórar námsleiðir sem starfræktar eru á tveimur stöðum. Á Skólavörðuholti eru annars vegar starfsnám fataiðna, leik- og sjónlista og hins vegar starfsnám upplýsingatækni, tré- og rafiðna. Í Hafnarfirði eru annars vegar starfsnámsbraut leik- og sjónlista og hins vegar starfsnámsbraut upplýsingatækni, tré- og rafiðna og fleiri greina eins og málmiðnaðar. Námslok starfsnámsbrautar miðast við fjögurra ára nám á hæfniprepi 1 en einnig er gert ráð fyrir að nemendur geti lokið námi sínu með framhaldsskólaprófi eftir tveggja ára nám.

Hin sérnámsbrautin nefnist starfsbraut sérnám. Hún er

einstaklingsmiðað námsúrræði ætlað nemendum með verulegan hegðunar- og námsvanda. Greining um námserfiðleika / fötlunarstig þarf að fylgja umsókn. Flestir nemendur eru með greiningar á einhverfurófi. Allir nemendur brautarinnar fylgja einstaklingsnámskrá og hafa eigin heimastofu. Námslok starfsbrautar sérnáms eru eftir fjögurra ára nám og markmiðið er að auka lífsgæði nemendanna og auka hæfni þeirra til þátttöku í vernduðum búsetu- og atvinnuúrræðum með félagslegum stuðningi.

Aðstaða þessara námsbrauta er góð og þær eru nokkuð vel mannaðar. Tengsl við atvinnulífið eru til staðar en þyrftu að vera meiri að mati brautarstjóra sérdeilda Tækniskólans.

Þessum brautum til viðbótar er starfrækt námsver sem ætlað „er að þjónusta þá nemendur sem eiga við námserfiðleika af einhverju tagi.“ Nemendur fá þar aðstoð við próftöku, stuðning við heimanám og almenna aðstoð í grunngreinum. Námsverið veitir einnig aðstoð við verkefna- og ritgerðasmíð. Námsver TS er í reynd opið öllum sem þangað leita. Það er með auglýsta opnunartíma í Hafnarfirði, á Háteigsvegi og á Skólavörðuholti. Starfsmenn þess eru tveir.

Tækniskólinn hefur fellt niður skil kennslu- og próftíma og miðar að öðru jöfnu við að námsframmistaða nemenda sé metin með nokkrum símatþáttum (miðað er við fimm slíka þætti) sem dreifast yfir hverja kennsluönn. Í *Ársskýrslu 2016* (bls. 30) segir að á hverri önn fari fram miðannarmat þar sem

kennarar [veita] nemendum vitnisburð um stöðu þeirra í hverjum áfanga fyrir sig. Tilgangur miðannarmatsins er að gefa á einfaldan hátt vísbendingar um stöðu nemandans um miðja önnina. Vitnisburðurinn byggir fyrst og fremst á því námsmati sem þegar hefur farið fram í viðkomandi áfanga. Vitnisburður á miðannarmati er gefinn í bókstöfum:

A = Ágætt. Nemandanum gengur ákaflega vel.

B = Í lagi. Nemandinn hefur tök á efninu en má ekki slá slöku við.

C = Ábótavant. Nemandinn þarf að taka sig á til að ná áfanganum.

X = Ekki forsendur til að gefa vitnisburð.

Miðannarmatið er hvatning til þeirra nemenda sem fá C að ganga af kappi í það að læra og leita aðstoðar hjá kennara eða námsráðgjafa til þess að skipuleggja námið í áfanganum. Þeir sem fá B eru hvattir til að slá ekki slöku við og helst að bæta árangurinn enn frekar. Þeir sem fá A eru hvattir til að halda áfram á sömu braut og gefa hvergi eftir.

Í annarlok eru haldin lokapróf (nefnd lykilmatsþáttur) og í þeim þarf nemandi að ná að lágmarki 40% þeirra efnisatriða sem spurt er um til þess að hann standist viðkomandi áfanga. Á heimasíðu TS segir að almennt gildi lágmarkseinkunnin 5,0 en þó er

heimilt að útskrifast með einkunnina 4 ef um er að ræða áfanga sem ekki er undanfari annars áfanga á brautinni. Þetta á einnig við um lokaáfanga á skip- og vélstjórnarbrautum B, C og D og 2., 3. og 4. stigi vélstjórnar (hámark 3 einingar á hverju stigi). Slíkir áfangar gefa ekki einingar og þarf nemandi að skila öðrum einingum í staðinn.

Í rýnihópum nemenda, kennara og skólastjóra komu fram mismunandi sjónarmið um námsmatsaðferðir skólans og hversu heppilegar þær eru. Á fáeinum námsbrautum er unnið að upptöku ferilbóka (portfolio) en lítil reynsla er komin á framkvæmdina. Skólinn hefur ekki annað árangursviðmið en að hlutfall staðinna eininga verði yfir 75%. Á vorönn 2017 luku nemendur 74% þreyttra eininga.

Í mannauðsstefnu Tækniskólans segir að „skólinn stuðli að endurmenntun starfsmanna sinna með námskeiðum, fræðslufundum, fyrirlestrum og kynningarferðum“ (*Ársskýrsla 2016*, bls. 8). Í rýnihópum kennara sögðu þeir skólastjórnendur hvetja til endurmenntunar en í stórum hópi sé eðlilega misjafnt hversu duglegir einstakir kennarar eru á þeim vettvangi. Engar beinar upplýsingar eru fyrirleggjandi um sókn í endurmenntun utan skólans en fagkennarar ráðgast sín í milli innan hans og ræða kennslutengd málefni að vissu marki innan sinna undirskóla. Allmikill samhljómur er samt um það að of mikill tími fari á þeim vettvangi í að ræða þætti sem lúta að stjórnun og skipulagi og að of lítil umræða eigi sér stað um kennsluna sjálfa og það sem að henni snýr. Ákveðnar raddir eru um að gæðakerfi skólans, rekstrarhandbókin, valdi þarna miklu um.

Í rýniviðtölum kom margsinnis fram að almennir kennarar og stjórnendur Tækniskólans skilja og túlka gildandi kjarasamninga og vinnutíma með mismunandi hætti og að af hefur hlotist drjúg óánægja sem vinna þarf bug á.

Námsgögn í bóknámi eru sambærileg við þau sem almennt eru notuð í íslenskum bóknámsskólum og nokkuð mismunandi eftir námsgreinum. Aðstaða til náms og kennslu í verk- og tæknigreinum er einnig mismunandi. Á nokkrum sviðum reynist skólanum erfitt að fylgja örrí tækniþróun eftir en á öðrum betur og sumum mjög vel. Notkun rafrænna námsgagna er mikil í flestum verknámsgreinum og námsumsjónarkerfi í Innu er notað. Samhljómur var um það í rýnihópum nemenda að sumir kennarar þurfi að bæta sig á vettvangi hennar. Vel er sinnt um viðhald tölvukerfis og tölvubúnaðar.

Bókasafn og upplýsingamiðstöð Tækniskólans hefur starfsstöðvar á þremur stöðum, þ.e. á Skólavörðuholti, á Háteigsvegi og í Hafnarfirði. Safnkosturinn er skráður í Gegni og safnið nýtir sér landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Starf alþjóðafulltrúa og skrifstofa skólans hafa hvor tveggja verið sameinuð bókasafni og upplýsingamiðstöð TS. Umsjón með vef skólans og upplýsingaskjám er í höndum markaðsdeildar og þar ber sérstakur vefstjóri ábyrgðina.

Styrkleikar

- Námsleiðir í Tækniskólanum eru vel skilgreindar.
- Kennsluhættir eru að hluta til sértækir eftir námsleiðum og margar aðferðir eru nýttar.
- Skipulag og aðstaða sérnámsbrauta er góð.
- Reynsla af námsverum TS er góð og starfsemi veranna fer vaxandi.
- Skólinn hvetur kennara sína til endur- og símenntunar.
- Bókasafn og upplýsingamiðstöð TS er vel nýtt af nemendum.
- Vel er sinnt um námsumsjónarkerfið í Innu, tölvukerfi og tölvubúnað.

Tækifæri til umbóta

- Drjúgur hópur leiðbeinenda er við kennslu í Tækniskólanum, margir þeirra í fullu starfi.
- Haldgóðar upplýsingar um kennsluhætti og framkvæmd kennslustunda skortir.
- Hvetja þarf til og efla skipulega umræðu um alla kennsluhætti í dagskóla, ekki síst verkefnastýrt nám.
- Taka þarf skipulega umræðu um dreifnám með það að markmiði að samræma framkvæmd þess innan hvers undirskóla og jafnvel í Tækniskólanum í heild.
- Tengsl sérnámsbrauta við atvinnulífið þarf að styrkja.
- Fyrirkomulag námsmats er umdeilt og þarf að ræða skipulega á vettvangi undirskóla sem Tækniskólans í heild.
- Ná þarf sameiginlegum skilningi meðal almennra kennara og stjórnenda um túlkun kjarasamninga og vinnutíma.

Umsögn ytri matsaðila um samskipti og líðan (styrkleikar/tækifæri til umbóta)

Í viðmiðum Menntamálastofnunar um samskipti og líðan segir meðal annars að allt skóla-samfélagið þurfi að „vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi.“ Síðan eru talin upp nokkur meginatriði sem þarf að hafa í huga og klykkt út með því að skólabragurinn skipti höfuðmáli, þ.e. „samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins.“

Undir þessi orð er auðvelt að taka en hér sem víðar skortir ytri matsaðila gögn sem byggja má á haldbærar ályktanir þegar kemur að afstöðu til sumra vísbendinga Menntamálastofnunar. Engu að síður skal litið til þess helsta sem fram kom í viðtölum við rýnihópa og greina má í opinberum gögnum Tækniskólans sem hvorki notar Framhaldsskólalapsinn sem mælir með samræmdum hætti 22 þætti er lúta að námsumhverfi, virkni nemenda í námi og líðan þeirra (sjá skólalapsinn.is) né önnur á móta mælitæki, t.d. Gæðagreina (How good is our school?).

Tækniskólinn hefur ýmis sérkenni sem einkenna hann frá flestum eða öllum öðrum íslenskum framhaldsskólum. Þar má fyrst nefna mikla aldursdreifingu nemenda, sjá töflu 1, og af sjálfu leiðir að sextán til átján ára unglingar eiga ekki mikla félagslega samleið með mun eldra fólki sem gjarnan er í mikilli vinnu og komið með fjölskyldu.

Annað einkenni á TS er fjölpætt námsframboð og skipting í marga undirskóla sem hafa allir sín sérkenni og venjur.

Þriðja einkennið er mikill kynjahalli eftir undirskólum og skólanum í heild. Samkvæmt ársskýrslum hefur hlutfall kvenna farið jafnt og þétt lækkandi undanfarin ár. Þannig voru konur 37,2% nemenda haustið 2008, 33,5% haustið 2012 og aðeins 25% haustið 2016. Umtalsverða fjölgun karla má greina frá og með hausti 2015 er Iðnskólinn í Hafnarfirði sameinaðist Tækniskólanum en breytingin þá nægir engan veginn til þess að skýra þróunina. Hæst er hlutfall kvenna í dagskóla í handverksskólanum (fataiðnbraut, gull- og silfursmíðabraut og hársnyrtibraut), 91,3%, en lægst er það í skipstjórnarskólanum, véltækniskólanum og raftækniskólanum, 4,5–6,1%.

Fjórdða einkenni Tækniskólans er drjúgur fjöldi nemenda af erlendum uppruna á ýmsum námsbrautum en að auki er starfrækt sérstök námsbraut fyrir nýbúa til þess að undirbúa þá fyrir nám í íslenskum framhaldsskólum. Á þeirri braut fer fram fjögurra anna stigskipt nám og hafa nemendur verið um 80 undanfarin ár.

Loks má telja dreifskipan undirskóla Tækniskólans í nokkrar byggingar á þremur aðskildum svæðum sem fimmta einkenni stofnunarinnar.

Gildi skólans koma vel fram á heimasíðu og þau eru áberandi í opnum rýmum eins og áður hefur komið fram en óvíst er hversu skipulega er unnið með þau í daglegu starfi. Almennar skóla- og skólasóknarreglur eru sömuleiðis á heimasíðu og leggja áherslu á ábyrgð allra hlutaðeigandi aðila. Skilgreind viðurlög við brotum taka aðeins til nemenda.

Beinar upplýsingar um líðan nemenda eru sem fyrr segir ekki aðgengilegar og námsráðgjafar skila ekki ársskýrslum um starf sitt. Nýverið var ráðinn hjúkrunarfræðingur að skólanum sem á að leggja sérstaka áherslu á andlega líðan nemenda og stuðning við þá með það að leiðarljósi „að minnka líkur á að nemendur hverfi frá námi til dæmis vegna kvíða eða þunglyndis.“ Í rýnivíðtölum kom fram mikil ánægja nemenda og starfsmanna með þessa ráðningu og var það mat allra viðmælenda að þörfin sé brýn. Í hópi kennara var því haldið fram að augljósar breytingar hafi orðið á líðan nemenda á síðustu árum. Þeir séu undir miklum félagslegum þrýstingi sem að einhverju leyti megi rekja til samskiptamiðla, mikillar vinnu með námi og eigin og utanaðkomandi krafna um aðgang að tilteknum lífsgæðum.

Nemendafélag er í hverjum fagskóla en heildarsamtök nemenda nefnast Nemendasamband Tækniskólans, skammstafað NST, og er því ætlað að sjá um viðburði fyrir alla nemendur. Nemendafélög innan undirskólanna eru misvirk en sérstaklega er tekið til þess að félagslíf innan véltækni- og skipstjórnarskólans sé líflegt. Nemendafélögin halda meðal annars utan um

sérhæft félagslíf eins og vinnustaðferðir, skemmtikvöld einstakra skóla og litlar árs-hátíðir. Fyrir góð störf í þágu félagslífs skólans fást einingar.

Nemendasambandið var upphaflega stofnað árið 2008. Hlutverk þess er að vera samnefni nemendafélaga undirskólanna. Starfsemi þess hefur að mestu leyti snúið að þjónustu við 16–18 ára nemendur. Sambandið hefur lengstum átt erfitt uppdráttar, m.a. vegna sterkra og sjálfstæðra nemendafélaga í undirskólum og vegna breiðs aldursbils nemendahópsins. Á haustönn 2017 var reynt að blása lífi í starfsemina, samin voru lög fyrir sambandið og stefnt að lýðræðislegum kosningum til embætta. Skólinn leggur NST og félögum undirskólanna til húsnæði og með því starfa bæði félagsmála- og forvarnarfulltrúi á vegum hans. Nemendatengill í fullu starfi hefur það hlutverk að annast dagleg samskipti við nemendafélög skólanna og aðstoða þau m.a. við skipulag viðburða og fjármál. Hann er tengiliður nemenda við yfirstjórn og stjórnendur foreldrafélagsins hvað varðar félagslíf nemenda.

Samstarf er við Fjölbrautaskólann við Ármúla um skólaböll og að sögn hafa þau gengið vel og lítið um vímuefnaneyslu. Meðal annarra viðburða sem Nemendasambandið stendur fyrir eru kósíkvöld, íþróttamót á vegum framhaldsskóla, þátttaka í Gettu betur, Morfis og Söngkeppni framhaldsskólanna. Þá eru ótalin félög og nefndir eins og skemmtinefnd, leikfélag og ljósmyndaráð.

Foreldraráð er kynnt á heimasíðu Tækniskólans. Það á áheyrnarfulltrúa í skólanefnd í samræmi við fyrirmæli laga en starfsemi þess er lítil og frekar ómarkviss. Skólinn boðar til foreldrafundar í hverjum undirskóla við upphaf annar þar sem farið er yfir skólastarfið og foreldrar velja sér fulltrúa í stjórn ráðsins. Fundargerðir eru ekki skráðar og engar almennar upplýsingar eru aðgengilegar um starfsemi þess. Vísað er til fésbókarsíðu foreldraráðsins á heimasíðu TS. Þar er síðasta færslan skráð í september 2016 og mjög fáir virðast vera skráðir sem félagar. Skólameistari telur að TS upplýsi foreldra eftir fönngum um skólastarfið um Innu, á vef skólans og með tengslum við skólastjóra og námsráðgjafa. Allar tilkynningar til ólöggráða nemenda eru einnig sendar á forráðamenn þeirra um Innu.

Í vísbendingum 57–59 er spurt um skráð og virk tengsl Tækniskólans við önnur skólastig og aðila utan skóla um nám nemenda. Að sögn skólameistara er TS í góðu sambandi við grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Á hverju vori heimsækja fulltrúar skólans fjölda grunnskóla, 9. og 10. bekk. Farið var í 21 grunnskóla á vorönn 2017 til að kynna námsframboð TS. Einnig var farið í grunnskóla á Suðurlandi og Vesturlandi. Kynningarteymi annast allar námskynningar. Auk kynninga utan skóla koma grunnskólanemendur víða að í skólaheimsóknir og námsráðgjöfum í grunnskólum er boðið í heimsóknir til þess að kynna þeim starfsnám. Loks skal nefnt að TS hefur síðustu þrjú ár boðið kennslu í grunnskólavali og hafa 80–120 nemendur þekkt það. Þeir koma átján sinnum í skólann í tvo tíma í senn og velja sér þrjú fög til að kynnast.

Mikil tengsl eru á milli ákveðinna námsbrauta (K2) og Háskólans í Reykjavík. Mjög misjafnt er eftir verklegum námsbrautum og fagráðum hversu mikil eða lítil tengsl eru við atvinnulífið. Deildarstjóri markaðs- og kynningardeildar er atvinnulífstengill skólans.

Tækniskólinn sendir árlega nemendur og kennara til annarra landa til að taka þátt í verkefnum og námskeiðum eða í starfsþjálfun sem tengist náminu. Á heimasíðu segir að ávinningur þeirra samskipta sé „að öðlast skilning í faginu á alþjóðlegum grunni og betri sýn á þau tækifæri sem bjóðast í tengslum við það. Ekki má heldur vanmeta reynsluna af því að búa og starfa á erlendri grund. Hver nemandi getur verið úti í 2–16 vikur eftir tilhögun og samkomulagi.“ Skólinn hefur sérstaka alþjóðastefnu og þann 8. nóvember 2017 hlaut hann gæðaviðurkenningu fyrir framúrskarandi Evrópuverkefni 2015–2017 á 30 ára afmælishátíð Erasmus+ í Hörpu. Alþjóðafulltrúi skólans lýsti umfangi verkefnisins í viðtali við *Fréttablaðið* sama dag á þennan hátt:

Sumir nemendur fóru í hópferðir með kennurum, aðrir sóttu tveggja til fjögurra vikna námskeið og svo voru enn aðrir sem fóru út í allt upp í fjóra til sex mánuði til að taka hluta af sínu lögbundna

starfsnámi til sveinsprófs hjá viðurkenndum meisturum úti. Verkefnið var mjög stórt og margir nemendur frá flestum greinum Tækniskólans tóku þátt.

Styrkleikar

- Námsframboð í Tækniskólanum er fjölþættara en í öðrum framhaldsskólum.
- Almenn námsbraut fyrir nýbúa er mikilvægt framlag til þess að auka líkur á að nýbúar sækji sér menntun í íslenskum framhaldsskóla.
- Gildi skólans eru vel kynnt innan veggja hans.
- Gott samstarf er við Háskólann í Reykjavík um nám á tilteknum námsleiðum.
- Vel er staðið að alþjóðasamstarfi nemenda sem kennara í Tækniskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Taka þarf upp matsaðferð sem mælir með óyggjandi hætti líðan nemenda í skólanum og þróa leiðir til þess að vinna skipulega með niðurstöðurnar.
- Vinna þarf markvisst að því að jafna hlutfall kynjanna á námsbrautum skólans.
- Birta þarf skýrslur náms- og starfsráðgjafa með ársskýrslum skólans.
- Styðja þarf vel við tilraunir NST til þess að efla sameiginlegt félagslíf á vettvangi skólans.
- Foreldraráðið þarf að efla og virkja til samstarfs innan skóla.

Umsögn ytri matsaðila um skólahúsnæði og aðbúnað (styrkleikar/tækifæri til umbóta)

Hús Tækniskólans eru á misjöfnum aldri og dreifast nokkuð víða um Reykjavík og Hafnarfjörð. Þau eru eftirfarandi:

- Aðalbygging – Iðnskólahúsið á Skólavörðuholti, Reykjavík.
- Vörðuskóli á Skólavörðuholti, Reykjavík.
- Sjómannaskólahúsið við Háteigsveg, Reykjavík.
- Vélahús – við Sjómannaskólahús, Reykjavík.
- Smíðahús – tilheyrir Vélahúsi, Reykjavík.
- Rafmagnshús – við Vélahús, Reykjavík.
- Byggingartækniskólinn – aðstaða á Einarsnesi, Reykjavík.
- Hljóðtækni – í húsnæði Sírylands ehf., Vatnagörðum, Reykjavík.
- Flugskóli Íslands – verkleg kennsla á Reykjavíkurflogvelli.
- Flugskóli Íslands – flugvirkjun – í Árleyni á Keldnaholti, Reykjavík.
- Iðnskólahúsið við Flatahraun, Hafnarfirði.
- Gjótan við Gjótuhraun, Hafnarfirði.

Ýmislegt óhagræði og kostnaður fylgir því fyrir alla aðila, þ.e. Tækniskólann sem stjórnunar-, rekstrar-, kennslu- og þjónustueiningu, nemendur, kennara og annað starfsfólk að starfsemi skuli vera svo dreifð sem raun ber vitni, en í heild er húsnæðið fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem skólinn hefur á sínum snærum. Miklum fjármunum hefur þegar verið varið í endurbætur húsa á Skólavörðuholti, við Háteigsveg og víðar en í huga forráðamanna skólans væri óskastaða að geta sameinað alla starfseminna á einu og sama svæðinu.

Mismunandi aldur og hefðir þeirra skóla sem hafa sameinast í Tækniskólanum birtist með ýmsum hætti í húsum stofnunarinnar, s.s. á skólaspjöldum og öðrum myndverkum sem prýða vegg og ganga. Umgengni virðist að jafnaði góð og úrgangur er flokkaður í fernt: almennt sorp, pappír, lífrænan úrgang og flöskur og dósir.

Íþróttaðstaða er í gömlu húsi á Skólavörðuholti og er ófullnægjandi sem íþróttahús fyrir alla nemendur skólans. Einnig er samningur við World Class í Hafnarfirði um aðstöðu þar sem kennarar skólans kenna nemendum. Þrír íþróttakennarar starfa við skólann í fullu starfi og þjóða þeir m.a. upp á útivistaráfangu.

Mötuneyti fyrir nemendur, kennara og annað starfslið er starfrækt á þremur stöðum: á Skólavörðuholti, á Háteigsvegi og í Hafnarfirði. Rekstur þess er í höndum einkaaðila og á heimasíðu TS segir að takmark þess sé „að vinna úr úrvalshráefnum frá grunni og með mannelismarkmið til hliðsjónar.“ Nemendur segja þörf fyrir fleiri borð í matsal á Skólavörðuholti. Tækniskólinn er heilsueflandi framhaldsskóli.

Styrkleikar

- Rekstraraðilar Tækniskólans hafa lagt mikið fé í endurbætur húsa hans.
- Húsnæði TS rúmar vel þá starfsemi sem þar fer fram.
- Vel er hugsað um skólahúsin og umgengni er að jafnaði góð.
- Vinnuaðstaða starfsmanna er fullnægjandi.
- Almenn ánægja er með þjónustu mötuneytis.

Tækifæri til umbóta

- Margvíslegt óhagræði er að því að reka starfsemi skólans í mörgum og dreifðum húsum. Huga ber að sameiningu skólans á einu samfelldu skólasvæði.
- Ástæða er til að huga að endurbótum á íþrótt- og líkamsræktaraðstöðu nemenda sem starfsmanna.

Umsögn ytri matsaðila um lykilárangur (styrkleikar/tækifæri til umbóta)

Vísbendingar þessa kafla (67–78) er erfitt að meta í Tækniskólanum eins og öðrum framhaldsskólum vegna þess að lítið er um að töluleg gögn séu til staðar. Af því leiðir að huglægt mat ræður allmiklu um það hvernig metið er.

Í skýrslu sem unnin var á vegum mats- og greiningarsviðs mennta- og menningarmála-ráðuneytis um brautskráningar þeirra sem hófu nám á stúdentsnámsbrautum í framhaldsskólum árið 2007 kemur fram að um 60% innritaðra það ár höfðu lokið námi sex árum síðar. Hvað Tækniskólann varðar höfðu 54 nemendur af þeim 214 sem innrituðust árið 2007 brautskráðst frá einhverjum framhaldsskóla eða 25%. Þar af höfðu 32 lokið námi sínu frá TS en 22 úr öðrum skólum. Í heild var skólinn í síðasta sæti í röð þeirra 28 skóla sem höfðu starfað nægilega lengi til þess að vera með í úttektinni. Brautskráningarhlutfall Tækniskólans var þannig mjög lágt. Áhugavert er að 45 einstaklingar til viðbótar þeim 32 sem fyrr eru nefndir fluttu sig yfir í Tækniskólann úr öðrum framhaldsskólum og luku stúdentsprófi þaðan á þeim tíma sem úttekt ráðuneytisins tekur til. Við það hækkar samanlagt brautskráningarhlutfall skólans í 36% (77 af 214) sem lyftir skólanum um eitt sæti í röð þeirra 28 skóla sem athugaðir voru. Af því má draga þá ályktun að Tækniskólinn taki við hluta þeirra nemenda sem finna sig ekki annars staðar og nái að veita a.m.k. nokkrum hluta þeirra viðhlítandi menntun til lokaprófs.

Engar sambærilegar tölur eru til um afdrif þeirra nemenda sem innrita sig í verknám af einhverju tagi en í *Ársskýrslu 2016* segir að það ár hafi brautskráðst samtals 591² nemandi með alls 676 skírteini af 82 brautum (bls. 27). Í innsendum gögnum skólameistara til úttektaraðila kemur fram að af þessum 591 hafi 51 (8,6%) brautskráðst með stúdentspróf og má þar með glöggt sjá hve bóknám til þess prófs er víkjandi þáttur í starfsemi skólans. Í rýnivíðtölum við stjórnendur kom fram að skólinn hefur ekki gert neina tilraun til þess að mæla framlegð sína, þ.e. hversu vel nemendum miðar í gegnum námið, hver meðalnámstími þeirra er og hversu margir ljúka á skilgreindum tíma. Það kemur heim og saman við það að skólinn hefur hvorki sett sér markmið um brautskráningarhlutfall né heldur um ásættanlegar framfarir í námi.

Í samtölum við náms- og starfsráðgjafa kom fram það álit þeirra að námsleg geta nýnema í Tækniskólanum sé afar mismunandi, að margir komi þangað með lélegan bóklegan undirbúning í farteskinu og félagslegt bakland margra sé veikt. Sumir búi við mikið aðhald og eftirfylgni að heiman, aðrir séu að mestu eða öllu látnir afskiptalausir. Að þeirra mati er umsjónarkerfi skólans „frekar slakt“ og afleiðingarnar sjáist m.a. í döprum mætingum (tafla 5) og háu brotthvarfshlutfalli (sjá töflu 6). Skólastjórar bæta því við að tungumálaörðugleikar hamli mörgum nemendum af erlendum uppruna verulega. Skólinn hefur fengið styrki til þess að vinna gegn brotthvarfinu frá verkefni *Nám er vinnandi vegur* en sýnilegur árangur var lengi lítill þar til á árinu 2016 er það minnkaði um þrjú prósentustig. Í ársskýrslu fyrir það ár er sá árangur einkum rakinn til þess „að nemendahópurinn hefur verið að styrkjast og heildarviðvera nemenda í skólanum að batna“ (bls. 26).

Sex vísbendingar lúta að grunnþáttunum sex og það hversu vel nemendur hafi tileinkað sér þá. Það er erfitt eða ómögulegt að meta þær allar af nákvæmni en í *Ársskýrslu 2016* segir að unnið sé að endurskoðun og/eða nýsamningu allra námskráa með það að markmiði að fá þær samþykktar og færðar inn í námskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytis. Að sögn stjórnenda er markvisst stefnt að því að skrifa grunn- og lykilhæfnipætti inn í námskrárnar og námskrá náttúrufræðibrautar hefur þegar verið samþykkt.

Þegar lítið er til námsbrauta Tækniskólans er nokkuð ljóst að sumir grunnþáttanna falla óhjákvæmilega beint að sumum þeirra. Þar má nefna að allmargar brautir byggja mikið á skapandi framlagi og aðrar hljóta að taka mið af sjálfbærni og meðvitund fyrir umhverfi og umhverfismálum. Þá skal minnt á að skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli og á hverju hausti er m.a. haldin sérstök heilsuvika.

² Í töflu 7 er talinn 521 nemandi sem brautskráðist þetta ár. Þar er Flugskólinn ekki með.

Skipulag nemendafélaga segir gjarnan nokkuð til um það hvort nemendur hafa tileinkað sér lýðræðislegar aðferðir, s.s. við val á einstaklingum til forystu. Afstaða til jafnstöðu kynjanna getur einnig speglast í skipulagi þessara félaga og klúbba á þeirra vegum. Engar upplýsingar liggja fyrir úr Tækniskólanum sem gera úttektaraðilum kleift að draga skýrar ályktanir hvað þessi svið varðar.

Á hinn bóginn hefur Tækniskólinn bæði jafnréttisstefnu og ítarlega jafnréttisáætlun sem ætlað er að ná til nemenda sem starfsmanna. Í jafnréttisstefnunni segir:

Markmið jafnréttisstefnu Tækniskólans er að tryggja að nemendur og starfsfólk sé metið að eigin verðleikum og njóti jafnréttis óháð kynferði, aldri, uppruna, kynhneigð, fötlun og öðrum félags- og persónubundnum þáttum. Tækniskólinn telur að með því að stuðla að jafnrétti fái þekking, færni og hæfileikar allra notið sín í hvetjandi og skilvirku vinnu- og skólaumhverfi þar sem gagnkvæm virðing er höfð að leiðarljósi.

Markmið jafnréttisstefnu er að tryggja að fyllsta jafnréttis kynjanna sé gætt í hvívetna í skólanum og að bæði nemendur og starfsfólk fái notið sín á eigin forsendum án tillits til kynferðis. Markvisst skal hugað að báðum kynjum í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum skólans. Kynbundin mismunun er óheimil, hvernig sem hún birtist og skal vinna á virkan hátt gegn slíkri mismunun. Kynbundið ofbeldi og kynferðisleg áreitni er ekki liðin.

Með jafnréttisstefnu skólans er unnið markvisst að því að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum. Kennarar og annað starfsfólk Tækniskólans eru fyrirmyndir nemenda sem stuðla eiga að jafnrétti í orði og á borði. Jafnréttisstefnu Tækniskólans er fylgt eftir með jafnréttisáætlun.

Á grundvelli þessarar stefnu starfar jafnréttisnefnd sem í sitja fimm einstaklingar, þar af a.m.k. einn úr röðum almennra starfsmanna, einn kennari og einn nemandi. Hlutverk nefndarinnar „er að fylgjast með stöðu jafnréttismála í skólanum, gera tillögur um stefnu og áætlanir skólans í jafnréttismálum og fylgja jafnréttisáætlun eftir. Jafnréttisnefnd setur fram tveggja ára aðgerðaáætlun í senn, fylgir eftir framkvæmd hennar og metur árangur miðað við sett markmið.“ Athyglisvert er að yfirstjórn skólans skipa þrjár karlar og ein kona en kynhlutföll eru jöfn meðal skólastjóra undirskóla TS.

Skólinn fylgist ekki með reglubundnum hætti með því hvernig nemendum hans nýtist skólagangan að loknu stúdentsprófi af bóknámsbrautum og það eru ekki heldur nein óyggjandi gögn um það hvernig annað nám nemenda hefur nýst þeim á starfsvettvangi að lokinni framhaldsskólagöngu. Stjórnendur TS benda þó á að tengsl skólans séu bæði mikil og góð við margar greinar atvinnulífsins og þeir telja sig hafa fullvissu fyrir því að brautskráðum nemendum þeirra vegnar að jafnaði vel á þegar á hólminn kemur.

Styrkleikar

- Skólinn hefur náð nokkrum árangri við að draga úr brotthvarfi nemenda.
- Skólinn vinnur að því að innleiða grunnþætti menntunar í námskrár sínar.
- Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun TS eru skýrar og skilgreina ákveðna verkferla.
- Skólinn hefur góð tengsl við margar greinar atvinnulífsins.

Tækifæri til umbóta

- Brautskráningarhlutfall Tækniskólans af stúdentsprófsbrautum er lágt miðað við aðra framhaldsskóla.
- Skólinn þarf að einbeita sér að því að lækka brotthvarfshlutfall nemenda.
- Vinna þarf að gæðamælikvörðum sem taka til þess hversu vel tekst að vinna með grunnþætti menntunar í daglegu skólastarfi.
- Afla þarf upplýsinga um raunverulegt gengi brautskráðra nemenda á næsta skólastigi og í atvinnulífi.

Viðauki: Heimildir og tilvísanir

Tölulegar upplýsingar um Tækniskólann – skóla atvinnulífsins í fyrri hluta skýrslunnar byggja aðallega á innsendum gögnum frá skólameistara, ársskýrslum og sjálfsmatsskýrslum skólans. Hér eru nefndar skriflegar og munnlegar heimildir og önnur gögn sem styðja beint við mat á einstökum þáttum í síðari hlutanum. Upplýsingar af heimasíðu voru sóttar í október og fyrri hluta nóvember 2017. Þær eru ekki tilgreindar með vefslóðum og látið er nægja að flokka helstu heimildir eftir matsþáttunum fimm. Milli þess sem gögnin voru sótt og þar til gengið var frá þessari skýrslu var heimasíðu Tækniskólans mikið breytt og mögulegt er að sumar tilgreindra heimilda beri nú önnur nöfn. Hvorki er vísað til ákveðinna rýnivíðtala við tiltekna vísbendingar vegna rekjanleika til nafngreindra einstaklinga né heldur er vísað til heimilda um mat á hverri þeirra fyrir sig.

Mats- þættir	Heimildir
1–18: Stjórnun og skipulag	<i>Ársskýrslur Tækniskólans – skóla atvinnulífsins 2013–2016.</i>
	Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson. (2012). <i>Tækniskólinn: skóli atvinnulífsins: úttekt á starfsemi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.</i>
	<i>Gildi [Tækniskólans].</i>
	<i>Gæðamál [Tækniskólans].</i>
	Gögn frá skólameistara.
	<i>Meginmarkmið [Tækniskólans].</i>
	<i>Rekstrarhandbók [Tækniskólans].</i>
	Rýnivíðtöl við einstaklinga og hópa í Tækniskólanum.
	<i>Sjálfsmatsskýrslur Tækniskólans 2012–2017.</i>
	<i>Skólanámskrá [Tækniskólans].</i>
	<i>Skólasamningur 2013–2018.</i>
	<i>Starfslýsingar [Tækniskólans].</i>
	<i>Stefnur [Tækniskólans].</i>
	<i>Stjórn og skipurit [Tækniskólans].</i>
<i>Þjónustusamningur um kennslu á framhaldsskólastigi [2013].</i>	
19–43: Kennsla og náms- framboð	<i>Aðalnámskrá framhaldsskóla.</i>
	<i>Ársskýrslur Tækniskólans 2013–2016.</i>
	Gögn frá skólameistara.
	<i>Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.</i>
	Rýnivíðtöl við einstaklinga og hópa í Tækniskólanum.
<i>Skólanámskrá [Tækniskólans].</i>	
44–56: Samskipti og líðan	„Betri menntun og tækifæri.“ <i>Fréttablaðið</i> 8. nóvember 2017.
	<i>Félagslífið.</i>
	Gögn frá skólameistara.
	Rýnivíðtöl við einstaklinga og hópa í Tækniskólanum.
	<i>Skólanámskrá [Tækniskólans].</i>
<i>Skólareglur [Tækniskólans].</i>	
57–65: Húsnæði	<i>Ársskýrsla Tækniskólans 2016.</i>
	Gögn frá skólameistara.

og aðbún- aður	<i>Húsnæði [Tækniskólans].</i>
	<i>Mötuneyti [Tækniskólans].</i>
	Rýniviðtöl við einstaklinga og hópa í Tækniskólanum.
66–79: Lykil- árangur	<i>Ársskýrsla Tækniskólans 2016.</i>
	Gunnar J. Árnason. (2014). <i>Dreifing brautskráninga eftir útskriftartímabilum.</i> Skýrsla frá mats- og greiningarsviði mennta- og menningarmálaráðuneytis.
	Gögn frá skólameistara.
	<i>Jafnréttisstefna [Tækniskólans].</i>
	Rýniviðtöl við einstaklinga og hópa í Tækniskólanum.
	<i>Skólanámskrá [Tækniskólans].</i>

Efni: Úttekt á starfsemi Tækniskólans – skóla atvinnulífsins

Eins og fram kemur í bréfi Menntamálastofnunar dags. 7. apríl 2017 hefur okkur undirrituðum verið falið að annast úttekt á Tækniskólanum – skóla atvinnulífsins. Markmiðið er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá framhaldsskóla. Úttektin verður byggð á fyrirbyggjandi gögnum, viðtölum við einstaklinga og hópa, auk vettvangsathugana.


Við óskum eftir góðu samstarfi við forystumenn skólans og starfsfólk og viljum í upphafi biðja um að tekin verði saman eftirtalin gögn og send til undirritaðra fyrir 2. október nk.:

- *Ársskýrslur 2015 og 2016.*
- *Sjálfsmatsskýrslur 2015 og 2016.*
- *Gildandi skólanámskrá.*
- *Gildandi skólasamningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti.*
- *Upplýsingar um árlegan kennslutíma (skólaár 2015-2016 og 2016-2017).*
- *Upplýsingar um nemendur:*
 - *Fjöldi dagskólanemenda vor og haust 2013–2017 (sjá töflu 1 á fylgiblaði).*
 - *Hvaðan koma nemendur (póstnúmer – haust 2016 og vor 2017. (Sjá töflu 3 á fylgiblaði)?*
 - *Fjöldi dagskólanemenda á haustönn 2016 og vorönn 2017 eftir aldri og kynjum (Sjá töflu 4 á fylgiblaði).*
 - *Þróun í innritun nýnemenda að hausti frá 2013–2017 (sjá töflu 6 á fylgiblaði).*
 - *Skipting dagskólanemenda á námsbrautir (skóla) haust 2013–2017 greind eftir kynjum (sjá töflu 7 á fylgiblaði).*
 - *Meðalstærð námshópa haust 2016 og vor 2017.*
 - *Fjarvistarskráning nemenda haust 2016 og vor 2017 (sjá töflu 8 á fylgiblaði).*
 - *Brotthvarf nemenda vor og haust 2013–2017 (sjá töflu 9 á fylgiblaði).*
 - *Brautskráningar eftir námsbrautum (skólum) 2013–2017 (sjá töflu 10 á fylgiblaði).*
- *Upplýsingar um starfsfólk:*
 - *Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum að hausti 2017 (sjá töflu 11 á fylgiblaði).*
 - *Starfsaldur kennara við a) Tækniskólann og b) aðra skóla.*
 - *Upplýsingar um starfsmannaveltu við skólann sl. fimm ár.*
 - *Fjöldi stundakennara, kennslutímar pr. viku, skipt eftir kynjum, haust 2016 og vor 2017.*
 - *Menntun kennara (sjá töflu 12 á fylgiblaði).*
 - *Eru kennarar skólans menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna?*
- *Skipurit skólans.*
- *Námstími nemenda við brautskráningu.*
- *Umfang forfalla kennara og forfallakennslu á vorönn 2017.*
- *Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara á vorönn 2017.*
- *Upplýsingar um sérstakar áherslur sem skólinn leggur í námi og kennslu (t.d. í viðauka við skólasamning).*
- *Umbótaáætlun í ljósi ytri úttektar 2012 ásamt stuttu mati á hvernig til hafi tekist.*

Ef einhverjar ofangreindra upplýsinga liggja fyrir á vef nægir að vísa á þær þar.

Til frekari gagnaöflunar óskum við eftir því að fá að heimsækja skólann um mánaðamót október/nóvember. Í heimsókninni viljum við eiga viðtöl við ýmsa hagsmunaaðila skólans. Óskum við eftir að fá á haustdögum að eiga samstarf við þig um endanlega tímasetningu heimsóknar okkar, mótun dagskrár heimsóknardaganna og að ná sambandi við viðmælendur.

Með bestu kveðju.

Handwritten signature in blue ink, appearing to read "Þrysi Baldursson".Handwritten signature in black ink, appearing to read "Trausti Þorsteinsson".